

Leikskólinn Rofaborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	7
2.1 Innra mat	7
2.2 Ytra mat	8
2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024.....	9
3 Innra mat deilda	13
3.1 Endurmat	13
3.1.1 Endurmat Svanalands	13
3.1.2 Endurmat Þrastalands og Lóulands	15
3.1.3 Endurmat Krummalands.....	18
3.1.4 Endurmat Spóalands.....	19
3.2 Umbótaráætlanir	25
3.2.1 Umbótaráætlun Svanalands	25
3.2.2 Umbótaráætlun Þrastalands og Lóulands	28
3.2.3 Umbótaráætlun Krummalands.....	29
3.2.4 Umbótaáætlun Spóalands fyrir veturinn 2023 - 2024.....	30
4 Innra mat sérkennslu.....	33
4.1 Mat á sérkennslu 2022-2023	33
4.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024.....	34
4.3 Lausnarteymi og tengiliður	35
5 Innra mat – fjöltyngd börn	36
5.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023	36
5.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024	37
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	38
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	38
8 Foreldrasamvinna.....	39
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	40
10 Fylgigögn.....	41
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	41
10.2 Heimildir og annað efni sem leikskólinn nýtir til fræðslu starfsfólks	43



Leiðarljós leikskólans:

Leikur – Gleði – Vinátta

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2022 var haust breytinga en 1. október lét Þórunn Gyða Björnsdóttir af störfum eftir 31 ár í Rofaborg. Undirrituð tók við keflinu, þínu stressuð en vel nestuð eftir frábært samstarf með Þórunni Gyðu undanfarin 25 ár, þar af 6 ár sem aðstoðarleikskólastjóri. Eins og alkunna er liggja leikskólakennarar ekki á lausu og því tókst ekki að ráða aðstoðarleikskólastjóra með leyfisbréf. Var þá brugðið á það ráð að leita fanga innanhúss og mynda stjórnendateymi sem samanstendur af Guðlaugu Kristinsdóttur leikskólastjóra, Sigríði Maríu Sigurðardóttur sérkennslustjóra og Margréti Sæmundsdóttur verkefnastjóra sérkennslu og stjórnunar. Sigríður María er með BS í sálfræði og Margrét er með BA í þroskaþjálfun. Þær hyggjast hefja mastersnám í leikskólakennarafræði í haust ásamt tveimur öðrum starfsmönnum með aðra háskólamenntun. Markmiðið er að snúa vörn í sókn og framleiða leikskólakennara og hækka þar með menntunarstigið í húsinu.

Það gekk fremur illa að ráða nýtt starfsfólk í haust sem þýddi að skerða þurfti vistunartíma eftir hádegi 2 daga í viku í október. Eftir það lagaðist ástandið svo um munaði og hefur haldist nokkuð gott síðan.

Aðlögun gekk vel og lauk 9. september og var þá hægt að byrja vetrarstarfið. Allir voru sérlega glaðir að geta byrjað starfið án þeirra hafta er höfðu einkennt síðustu ár. Áfram var unnið með markmið sem sett voru fram í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar. Unnið var með læsi í víðum skilningi, félagsfærni og sjálfshjálpi. Börnin sinntu sínum daglegu verkefnum, bæði úti og inni, s.s. hópastarfi/þemavinnu, hreyfingu, sköpun, útikennslu og útiveru, svo eitthvað sé nefnt. Og svo má ekki gleyma frjálsa leiknum sem er svo mikilvægur öllum börnum til að fá útrás fyrir sköpunarkraftinn sem í þeim býr og til að vinna úr öllu því sem þau læra og upplifa. Auk þess sem skólahópur (börn fædd 2017) sinnti sínu daglega starfi heima fyrir gátu þau loksins aftur farið í vettvangsferðir út um borg og bí. Þau tóku líka þátt í viðburðum og vinnustofum í Árbæjarskóla sem og samstarfsverkefni leikskóla í Reykjavík og Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar á Barnamenningarhátíð í Hörpu.



Desember var að venju uppbrotsmánuður með allskonar jólatengdum viðburðum og einkar ánægjulegt að bjóða foreldrum í jólakakó. Vísindastarfið var svo á sínum stað eftir áramótin en það er alltaf jafn skemmtilegt og fræðandi og verkefni jafn mismunandi og þau eru mörg. Í sumarbyrjun skiptum við um gír og fluttum nánast allt starf út í sumarið. Tvo daga í viku eru útistöðvar í garðinum og tvo daga í viku fer fram útikennsla, bæði í hinu dásamlega nærumhverfi Rofaborgar sem og á útinámssvæðinu í litla garðinum. Þar er unnið við að tálga spýtur og grilla sykurlúða.

Eftir að grunnskólum lauk komu 7 unglingar frá Vinnuskóla Reykjavíkur til að vinna með okkur í 3 vikur. Þau hafa heldur betur staðið sig vel og eru sannarlega góð viðbót við starfsmannahópinn. Þess má geta að Rofaborg, Heiðarborg og unglिंगadeild Árbæjarskóla hyggja á samstarf næsta vetur. Árbæjarskóli mun bjóða upp á valáfanga þar sem nemendum í 9. og 10. bekk býðst að kynna leikskólustarfinu og vinna verkefni því tengt úti í leikskólunum. Þetta er virkilega spennandi og góð leið til að kynna leikskólustarfið og leikskólakennaranámið fyrir ungu fólki.

Talandi um nám þá hefur endurmenntun hefur verið sinnt af miklum móð í vetur.

Allur starfsmannahópurinn sat eftirfarandi námskeið í vetur:

- **Herdís Storgaard hjúkrunarfræðingur** – Slysavarnir og skyndihjálþ ungra barna. Farið var yfir algengustu orsakir slysa hjá börnum á leikskólaaldri og viðbrögð við þeim, sem og leiðir til að fyrirbyggja slys.
- **Hugarfrelsi hluti I** – Áhersla á öndun, jóga, slökun og hugleiðslu. Farið yfir ávinning aðferðanna og hvenær/hvernig best er að nota þær til að auka einbeitingu, kyrrð og vellíðan hjá börnum á misunandi aldri.
- **Hugarfrelsi hluti II** – Áhersla á hvernig efla má tilfinningagreind barna með æfingum, leikjum, tilfinningaspilum og tilfinningaspjöldum. Fjallað um einkenni kvíða og gagnleg úrræði til að draga úr honum og auka vellíðan. Einnig hvernig efla má vináttu og leiðtogafærni barna til að bæta samskipti.
- **Sjálfsagi - Margrét Lára Viðarsdóttir sálfræðingur og Einar Örn Guðmundsson sjúkrabjálfi** – Fjallað um mikilvægi þess að huga jafnt að líkamlegri- og andlegri heilsu



með heilsusamlegum lífsvenjum. Mikilvægi þess að starfsfólk leikskóla hafi í huga hvernig það beitir líkamanum í vinnu sem og bregst við og vinnur úr andlegu álagi.

- **Saga Story House** – Vinnustofur þar sem unnið var með samskipti og liðsheild í starfsmannahópnum.
- **ADHD samtökin** – Leikskólinn og ADHD. Farið yfir einkenni ADHD sem og gagnlegar aðferðir til að skipuleggja kennslu með það að markmiði að draga úr óæskilegri hegðun og styrkja æskilega hegðun með því að byggja á styrkleikum barnanna.

Önnur námskeið, fyrirlestrar eða vinnustofur sem einn eða fleiri starfsmenn hafa sótt eru eftirfarandi (og örugglega er eitthvað sem gleymist í upptalningu):

- Áhrif áfalla á börn
- EFI-2
- Fagnámskeið fyrir starfsfólk í Eflingu
- Farsældarlögin (Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna) og BBB (Betri borg fyrir börn)
- Forystunám
- Innleiðing á innra mati
- Íslenski máhljóðamælirinn
- Leiðtoganámskeið – Leiðtogi framtíðarinnar er teymið
- Lærdómssamfélag sérkennslustjóra
- Nám í kennslufræði
- Náttúruleg kennsla
- Nýliðanámskeið fyrir nýja leikskólastjóra
- Pecs – myndrænt boðskiptakerfi
- TRAS (tidlig registrering af sprákuþvikling)

Síðastliðin ár höfum við í Rofaborg fundið fyrir mikilli afturför í málþroska barna. Lélegur málþroski leiðir svo oft til samskipta- og hegðunarvanda, sem er vond keðjuverkun. Þetta hefur verið mikið rætt innan leikskólasamfélagsins bæði meðal leikskólastjóra og sérfræðinga á þjónustumiðstöðvum og eru allir á einu máli um að grípa þurfi til aðgerða. Undanfarin ár hefur fjármagni verið veitt til málörvunar barna með fleiri en eitt tungumál, en vandamálið er ekki bundið við þann barnahóp, heldur eru öll börn undir. Til að setja hlutina í samhengi má benda á að af þeim 65 börnum sem verða áfram í Rofaborg í haust er áætlað að 48 (tæpl. 74%) muni þurfa einhverskonar málörvun (við vitum ekki enn hvernig þau 32 börn sem byrja í haust standa). Við teljum að við þetta verði ekki búið lengur. Næsta vetur er því ætlunin að vinna sérstaklega með málþroska og félagsfærni. Unnið verður markvisst með þetta í öllum þáttum



starfsins. T.d. verður unnið með námsefnið „Lubbi finnur málbein“, „Vináttu verkefnið Blæ“ og „Hugarfrelsi“. Þá er ætlunin að byrja aftur að vinna með kennsluaðferðina „Leikur að læra“. Það er einlæg ósk okkar að foreldrar taki þessari áskorun með okkur og taki við keflinu heima fyrir með því að gefa börnum sínum athygli og (skjáláusan)tíma sem felur í sér samræður, leik, bókalestur og söng.

Bestu kveðjur,

Guðlaug Kristinsdóttir leikskólastjóri



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Félags- og tilfinningafærni	Metið í litlum vinnuhópum á starfsdegi. Einnig fengu börnin að segja sína skoðun í ánægjukönnun sem framkvæmd var á fjórum deildum af deildarstjórum og starfsmönnum.	Allir starfsmenn og börn í Rofaborg.	Námsefni og verkfæri frá Hugarfrelsi hafa nýst vel til að kenna börnunum í Rofaborg að þekkja og skilja tilfinningar sínar. Slökunaræfingar, öndunaræfingar, tilfinningaspjöld, töfravatn (vatn blandað með lavender ilmkjarnaolíu) og hugleiðsluæfingar hafa reynst vel í skipulögðum stundum. Þessar æfingar hafa einnig nýst sem tól til að grípa í með börnunum til að róa þau niður eða hjálpa þeim þegar þau eru í uppnámi. Til stendur að nýta námsefnið enn meira næsta vetur. Bæði starfsmenn og börn töldu þetta vera skemmtilegt og bera árangur.
Málörvun	Metið á vinnufundi	Metið af stjórnunnarteymi leikskólans og verkefnastjóra málörvunar fjöltyngdra barna.	Málörvun fjöltyngdra barna veturinn 2022-2023 var vel skipulögð, markviss og bar góðan árangur. Við sjáum þó að samskonar vinnu þarf að fara í með mörg af börnunum sem hafa íslensku sem móðurmál. Þau eru mörg hver að koma illa út í málþroskaskimunum
Læsi og notkun kennsluefnisins Lubbi finnur málbein	Metið í litlum vinnuhópum á starfsdegi. Einnig fengu börnin að segja sína skoðun í ánægjukönnun sem framkvæmd var á fjórum deildum af deildarstjórum og starfsmönnum.	Allir starfsmenn og börn í Rofaborg.	Börnin höfðu gaman að námsefninu Lubbi finnur málbein. Mikilvægt var að skipta börnunum niður í smærri hópa til þess að allir hafi tækifæri til að læra. Lubba stundirnar bera árangur og er hægt að sjá miklar framfarir hjá börnunum. Næsta vetur er markmið leikskólans að nýta Lubba á fjölbreyttari hátt með því að nýta námsefnið líka í hreyfingu, myndlist og útikennslu. Einnig ætlar hver deild að senda upplýsingar til foreldra um hvaða málhljóð er verið að vinna með að hverju sinni til þess að hvetja foreldra til þátttöku.
Útikennsla og útivera	Metið í litlum vinnuhópum á starfsdegi. Einnig fengu börnin að segja sína skoðun í ánægjukönnun sem framkvæmd var á fjórum deildum af	Allir starfsmenn og börn í Rofaborg.	Útikennsla gekk vel fyrir sig veturinn 2022-2023. Óvenju mikið frost og kuldi var helsta áskorunin og gerði það að verkum að erfitt var að fara út nema í stuttan tíma í senn. Fræðsla í göngutúrum og verkefni sem unnin voru utandyra um árstíðir, liti og vísindi reyndust vel. Börnin höfðu gaman að. Hugmyndir eru um að nýta betur bækurnar Krakarnir í Kátugötu og útbúa sérstakar útikennslutöskur með verkefnum sem auðvelt er að grípa í.



	deildarstjórum og starfsmönnum.		
Vinátuverkefnið Blær	Metið í litlum vinnuhópum á starfsdegi. Einnig fengu börnin að segja sína skoðun í ánægjukönnun sem framkvæmd var á fjórum deildum af deildarstjórum og starfsmönnum.	Allir starfsmenn og börn í Rofaborg.	Blær er nýttur á fjölbreyttan hátt í Rofaborg. Lögð er áhersla á að börnin geti nýtt sér bangsann sem huggun ef þeim líður illa. Námsefnið var einnig nýtt til þess að finna leiðir til að leysa úr ágreiningi við vini sína í félagslegum aðstæðum. Börnin höfðu sérstaklega gaman af söngvunum, Blæ-nuddstundunum og jóganu. Mismunandi var hvernig hver deild vann með Blæ en næsta vetur er ætlunin að samræma vinnuna betur.

2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Starfsmannakönnun á vegum Reykjavíkurborgar	Könnunin var send í tölvupósti	Starfsmenn Rofaborgar	Því miður er könnunin ómarktæk vegna þess hve fáir svöruðu. Það virðast einhver mistök hafa orðið við útsendingu könnunarinnar því að margir starfsmenn kannast ekki við að hafa fengið hana senda.
Foreldrakönn	Könnunin var send í tölvupósti.	Foreldrar barna í Rofaborg	Foreldrakönnun sem send var til foreldra í maí kom vel út. Í heildina voru foreldrar mjög ánægðir með það starf sem fer fram innan veggja leikskólans. Könnuninni var skipt upp í fjóra hluta. Í hlutunum <i>Barnið og starfið</i> , <i>Stjórnun og stefna leikskólans</i> og <i>Upplifun af leikskólanum</i> voru lang flestir foreldrar mjög ánægðir. Það veitti okkur sérstaka ánægju að sjá að 98,3% svarenda voru ánægðir með samskipti starfsfólks við börnin og 98,3% svarenda upplifðu barnið sitt öruggt í leikskólanum. Samskipti, virðing fyrir barninu og öryggi þeirra skiptir okkur miklu máli og gleður það okkur að heyra hversu vel foreldrar treysta okkur fyrir börnum sínum. Í fjórða hluta könnunarinnar, sem snéri að foreldrum og leikskólastarfinu kom í ljós að svarendum fannst upplýsingargjöf, ráðgjöf og þátttaka foreldra í leikskólastarfinu ábótavant. Er þó áhugavert að skoða að ánægja foreldra með þessa þætti hefur samt sem áður hækkað frá síðustu foreldrakönnun. Hversu vel foreldrar töldu sig þekkja stefnu/áherslur og gildi leikskólans hefur aftur á móti minnkað frá því í síðustu könnun og þurfum við að finna leið til að miðla þeim upplýsingum betur. Er það í umbótaráætlun leikskólans að bjóða foreldrum meira á viðburði næsta vetur til að kynnast starfseminni betur. Heimasíða leikskólans er einnig loksins komin í lag og verður þessi starfsáætlun ásamt öðru sett þar inn.



2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

Hér í Rofaborg höfum við ávallt grunnþætti Aðalnámskrár leikskóla að leiðarljósi í öllu okkar starfi. Miðast starfið að því að efla börnin í sjálfbærni, sjálfstæði og læsi á samfélag, menningu og umhverfi. Verkefni sem börnin vinna í leikskólanum hafa þann tilgang að efla félagsvitund, heilbrigði, velferð, sköpun í víðu samhengi og sköpunargleði. Þessir þættir eru hafðir að leiðarljósi við val á námsefni, efnivið og kennsluaðferðum. Markmið okkar er að byggja upp sterka einstaklinga sem eru vel í stakk búnir til að takast á við ólík verkefni og viðfangsefni daglegs lífs af jákvæðni, virðingu og þrautseigju.

Veturinn 2023-2024 verður sérstök áhersla lögð á öfluga málörvun og kennslu í félags- og tilfinningafærni. Er ætlunin að flétta þessa kennslu á fjölbreyttan og skemmtilegan máta inn í allar stundir dagsins. Árinu er skipt niður í fjórar þemalotur sem vara í mislangan tíma.

Lota 1. september – nóvember: Verður ákveðið af starfsmannahópnum í haust

Lota 2. desember: Jólaundirbúningur

Lota 3. janúar – apríl: Vísindastarf

Lota 4. maí – ágúst: Útikennsla, umhverfismennt og sumarstarf

Heilbrigði og velferð

Margir samverkandi þættir hafa áhrif á heilsu og velferð ungra barna, má þar meðal annars nefna hreyfingu, matarræði og svefn. Í Rofaborg leggjum við áherslu á fjölbreytta hreyfingu utan og innandyra. Börnin leika bæði frjálst úti í garði á daginn og í skipulögðum leikjum, s.s. í fótbolta, í verkefnum í sumarstarfi o.fl. Þau fara í stutta og langa göngutúra um Árbæinn, útikennslu og annað útistarf. Inni fá þau öll að fara í hreyfingu minnst einu sinni í viku í lðu, íþróttasal leikskólans.

Við erum með frábæran matráð sem býður upp á máltíðir fjórum sinum á dag fyrir börn og starfsfólk. Matseðill er ávallt fjölbreyttur og samsettur með þarfir barnanna og manneldismarkmið Landlækniseimbættisins í huga.



Börnin fara í hvíld einu sinni á dag. Fyrirkomulag hvíldar fer eftir aldri og þroska barnanna í hverjum hóp. Yngri börnin sofa, en þau eldri hvíla sig og hlusta á sögur eða tónlist. Samkvæmt landlæknisembættinu þurfa börn á aldrinum 1-2 ára 11-14 klukkustunda svefn á sólarhring og 3-5 ára börn 10-13 klukkustunda svefn á sólarhring. Er það okkur því mikilvægt að virða hvíldartíma barnanna og skapa þeim rólegt umhverfi í hádeginu til þess að þau geti hlaðið batteríin.

Til að stuðla að velferð og hamingju barnanna, bæði í leikskólanum og seinna meir á lífsleiðinni, er mikilvægt að huga að alhliða þroska þeirra. Deildarstjórar og starfsfólk sérkennslu fylgist jafnt og þétt með þroska barnanna allt árið um kring m.a. með TRAS skráningum, EFI-2, Íslenska máhljóðamælinum og Hljóm-2. Það hjálpar starfsfólki að koma auga á þarfir hvers barns fyrir sig. Leikskólinn er í góðu samstarfi við heilsugæslu Árbæjar og Austurmiðstöð, þjónustumiðstöð hverfisins og auðvitað foreldra barnanna. Saman höldum við þétt utan um velferð og heilbrigði barnanna, því eins og stundum er sagt þá þarf heilt þorp til að ala upp barn. Gott vald á íslensku máli og góð félagsfærni eru mikilvægir þættir í að stuðla að velgengni barna, bæði nú og seinna meir í lífinu og er það því okkur mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á þessa þætti í okkar starfi.

Málörvun

Öll börn hafa þörf fyrir að tjá sig, mynda tengsl og eiga í samskiptum við aðra á einhvern máta. Mikilvægt er að börn nái strax á leiksólaaldri góðu valdi á máli til þess að geta tjáð langanir sínar, þarfir, hugsanir og tilfinningar. Að hafa gott vald á íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, er mikilvægt fyrir velgengni barna hér á landi og áframhaldandi skólagöngu. Málþroski og læsi eru samtvinnuð á öllum aldurskeiðum og málþroskinn sem börn öðlast á leikskólaárunum leggur grunn að læsisþróun þeirra til framtíðar. Því er snemmtæk íhlutun gríðarlega mikilvæg.

Eins og minnst var á hér að ofan verður sérstök áhersla lögð á öfluga málörvun og alhliða málþroska allra barna í leikskólanum. Stefnt er að því að auka orðaforða barnanna, máltjáningu og málskilning með ýmsum aðferðum. Málörvun verður fléttuð inn í allar stundir dagsins og öll tækifæri til að auka skilning og tjáningu nýtt. Námsefnið Lubbi finnur málbein verður notað á fjölbreyttan hátt í kennslu, sköpun og leik sem og annað efni sem leikskólinn hefur undir höndum. Stefnt er að því að nýir starfsmenn sækja námskeið í Lubbi finnur málbein



en aðrir starfsmenn leikskólans fá endurmenntun. Áfram verður notast við Gefðu 10 aðferðina sem reynst hefur vel og enn meiri áhersla verður lögð á bókalestur og sögustundir.

Félags- og tilfinningafærni

Með tækniframförum síðustu ára og aukinni notkun snjalltækja er heimur barna í dag orðinn flóknari. Áreiti dynur á börnunum úr mörgum áttum og getur það haft áhrif á sjálfsmynd og samskiptahæfni þeirra. Viljum við í Rofaborg því leggja áherslu á að efla félagsþroska barnanna, tilfinningalæsi og með því tryggja vellíðan þeirra.

Tilgangur náms í félags- og tilfinningafærni er að færa börnum verkfæri sem efla vitsmunaprofna, tilfinninganæmni og menningarlæsi sem aðstoðar þau einnig í að nálgast akademískt nám á jákvæðan hátt. Markmiðið er að efla börn í jákvæðum samskiptum, sjálfstæði, umhyggjusemi og að gera þau vel í stakk búin til að takast á við verkefni lífsins á jákvæðan hátt. Teljum við mikilvægt að foreldrar, kennarar og samfélagið í heild sinni hjálpist að við að ala upp sterka, jákvæða einstaklinga sem leggja sitt af mörkum til að betrubæta umhverfi sitt. Við teljum mikilvægt að nýta styrkleika hvers og eins, því það er lykilþáttur í að byggja upp sterka, jákvæða sjálfsmynd og auka seiglu. Leitast starfsfólk við að skipuleggja nám í félags- og tilfinningafærni eftir getu og þörfum hvers og eins barns.

Rofaborg er þátttakandi í Vináttuverkefninu Blæ. Námsefnið sem fylgir Blæ miðast að því að kenna börnunum vináttufærni, að eiga í góðum samskiptum við aðra og stuðla að umburðarlyndi, virðingu og umhyggju í garð annara. Vináttuverkefnið Blær er einnig forvarnaverkefni gegn einelti og styður við mótun góðs skólabrags.

Í vinnu með sjálfsmynd og tilfinningafærni barna nýtum við námsefni frá Hugarfrelsi. Börnin fá aðstoð við að skilja tilfinningar sínar og leggja orð á þær, vera jákvæð, finna styrkeika sína og nýta þá sér í hag. Notkun tilfinningaspjalda, styrkleikaspjalda og tilfinningaspila hafa reynst vel og verður vinnu með þau haldið áfram. Einnig er það ætlun okkar að tengja meira skapandi starf, frjálsan leik og útiveru inn í kennslu í félags- og tilfinningafærni. Hugarfrelsi fylgja líka öndunaræfingar, slökunarsögur og hugleiðslusögur sem reynast börnunum vel í að kyrra hug sinn og hafa stjórn á tilfinningum sínum.



Lýðræði, jafnrétti og fjölmening

Í Rofaborg viljum við byrja að fræða börnin snemma um lýðræði og jafnrétti. Á vorin meta börnin á Þrastalandi, Lóulandi, Spóalandi og Krummalandi starf vetursins. Þau hafa tækifæri til að segja sína skoðun á því sem þau hafa lært og gert. Er það okkur mikilvægt að vita hvernig börnunum líður í leikskólanum og að þau hafi eitthvað um starfið að segja.

Í Rofaborg er mikil fjölmening og teljum við því mikilvægt að fjöltýngd börn og börn af erlendum uppruna í leikskólanum fái tækifæri til að kynna sinn menningarbakgrunn. Er ætlun okkar næsta vetur að blanda fjölmeningarfræðslu meira inn í dagskipulag deildanna. Bæði starfsfólk og börn eru mjög áhugasöm um þetta verkefni. Teljum við að verkefni sem þetta muni bæta skólabrag og virðingu fyrir náunganum, auk þess að vera mjög fræðandi fyrir börnin.

Elstu börnin munu halda áfram, líkt og síðustu ár, að fara í fjölbreyttar menningarferðir fótgangandi og/eða með strætó allt árið um kring. Einnig taka þau þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar sem haldin verður hátíðleg í apríl 2024.

Mannauður /leikskólabragur

Það er gríðarlega mikilvægt að viðhalda góðum leikskólabrag. Það gerum við með jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum meðal barna, starfsmanna og foreldra. Sameiginlegar samverustundir sem allur leikskólinn tekur þátt í eru mikilvægar til að viðhalda góðum leikskólaanda. Það er því nauðsynlegt í öllu skólastarfi að gera sér dagamun og gleðjast saman. Við ætlum áfram að hittast í lðu (sal leikskólans) og syngja saman á föstudögum sem og að halda náttfataball, öskudagsball, kaffihúsadag og opin hús fyrir foreldra.



3 Innra mat deilda

3.1 Endurmat

Endurmat á starfsvetrinum 2022-2023 fór fram á skipulagsdögum á vormánuðum. Gerðu deildarstjórar og starfsfólk deildanna samantekt um helstu niðurstöður, styrkleika og tækifæri til umbóta byggða á umbótaráætlun síðasta starfsárs.

3.1.1 Endurmat Svanalands

Lubbi finnur málbein

Við notuðum Lubbi finnur málbein veturinn 2022-2023 til að kynna íslensku máhljóðin fyrir börnunum. Námsefni sem fylgir Lubba var notað í samveru með börnunum. Þar var farið yfir staf vikunnar (sem var sá sami 2 vikur í senn), börnin fengu myndir sem byrjuðu á staf vikunnar, lærðu að bera stafinn fram og lærðu hvaða hljóð tilheyrir honum. Börnin lærðu einnig Lubbalag um stafinn og sungu það í samverustundum og söngstundum. Krakkarnir fengu síðan að mála stafinn sinn og hengdu hann upp þar sem þau sátu í samveru. Starfið gekk vel í vetur og lauk í vor þegar sumarstarfið byrjaði.

Við tókum eftir því að krakkarnir sýndu stafnum sínum meiri áhuga eftir að þau fengu að mála hann og hengja hann upp. Þetta efldi einnig sjálfstraust hjá þeim, þau voru stolt af stafnum sínum og vildu oft fara að skoða hann og dást að myndinni sinni. Hjá okkur á Svanalandi eru yngstu börnin og höfum við því lagt áherslu á að fara yfir færri stafi í einu en gera það vel. Börnin læra svo margt annað á hverjum degi. Við reynum því að efla mál og bókstafi í gegnum klapp, lestur, frjálsan leik og söng.

Vináttuverkefnið Blær

Á Svanalandi notuðum við Blæ til þess að kynna fyrir börnunum tilfinningar og vináttu. Á fimmtudögum veturinn 2022-2023 var sérstök Blæ stund. Þar fengu börnin að ná í sinn Blæ bangsa og kennari bauð stóra Blæ að koma í heimsókn með töskuna sína. Við fórum yfir myndaspjöldin í töskunni og spjölluðum um hvað var að gerast á þeim. Við fórum einnig yfir tilfinningarnar með Tákn með tali. Sýndi það sig að börnin áttu auðveldara með að tjá tilfinningar sínar og líðan með þeim heldur en með orðum. Er það mjög skiljanlegt miðað við aldur. Í lok hverrar Blæ stundar hlustuðum við á Blæ-lögin, dönsuðum og síðan var Blær kvaddur. Fengu þá börnin að ráða hvort þau knúsuðu Blæ bless.



Þetta hefur reynst vera meira en nóg af Blæ starfi fyrir börnin. Þau vita hver Blær er, vita að þau mega alltaf ná í hann og að hann sé ákveðið öryggi. Blær er frábært námsefni sem við viljum endilega halda áfram með. Stefna okkar er einnig að búa til “Hugarvatn” sem er vatnsflaska full af vatni og glimmeri sem getur hjálpað þeim að róa hugann með því að hrista flöskuna og fylgjast með innihaldinu þeytast um en róast síðan á endanum. Tappinn á flöskunum verður festur á og geta þau þá beðið um flöskuna sína ef þau þurfa pásu frá leiknum.

Hugarfrelsi

Vinna með námsefni frá Hugarfrelsi hefur reynst okkur vel. Við nýttum námsefnið í daglegu starfi og tókst það virkilega vel, sérstaklega seinni parts “slökunin” sem við buðum börnunum upp á. Þá settum við á róandi tónlist og krakkarnir gerðu öndunaræfingar, krakka jóga, púsluðu, pinnuðu, teiknuðu eða fóru í slökun. Í slökun lágum við í róandi umhverfi og hlustuðum á tónlist frá Hugarfrelsi. Til að byrja með hlupu börnin um og hoppuðu á dýnunum en með tímanum áttuðu þau sig á því að gott væri að leggjast niður í smá stund og róa sig niður. Í dag sækja þau mikið í að fara í slökun.

Sjálfbærni og sjálfshjálp

Allar stundir á Svanalandi eru notaðar til þess að efla börnin í að gera sjálf eða reyna við verkefni, áður en kennarar grípa inn í og aðstoða. Suma daga áttum við kennararnir það til að vera að flýta okkur og vorum þá að “ræna” af börnunum mikilvægum tækifærum til þess að æfa sig í að gera sjálf. Eftir síðasta endurmat á starfinu ákváðum við að við þyrftum að hægja á okkur og gefa börnunum meiri tíma og svigrúm til þess að reyna við verkefni sjálf. Við gefum okkur meiri tíma í fataklefanum og hvetjum þau til þess að klæða sig í og úr sjálf. Í matartíma æfðu börnin sig að fara úr því að drekka úr könnum yfir í lítil glös og höfum við séð að einhver þeirra geta nú gengið frá eftir sig sjálf í lok matartíma með smá hjálp frá kennara. Verður þessari vinnu haldið áfram veturinn 2023-2024.



3.1.2 Endurmat Þrastalands og Lóulands

Umbótapættir: Að hvetja börnin til sjálfshjálpar og styrkja þau til sjálfsbjargar, einnig að styrkja félagshæfni og samskipti barna sín á milli og efla málþroska þeirra. Einnig vildum við virkja sköpunargleði barnanna og auka vægi þess í starfi, nýta meira opinn efnivið og verðlaust efni í leik og til listsköpunar.

Tímaáætlun: Frá hausti 2022 til vors 2023. Geta barnanna var skráð að hausti og endurmetin að vori. Allir starfsmenn deildanna tóku þátt.

Sjálfsbjörg

Markmið: Að börnin verði meira sjálfbjarga s.s. við að klæða sig úr og í útifötin og ganga frá þeim í hólfið sitt. Nota hníf til að brytja og smyrja sem og til að ýta matnum upp á gaffalinn. Að ganga frá eftir sig þegar þau eru búin að borða. Einnig að þau séu fær um að bjarga sér á salerni og muna eftir að þvo sér um hendur.

Leiðir: Gáfum börnunum meira rými og tíma með því að hafa þau í misstórum hópum t.d. í fataklefa og á salerni, einnig fengu börnin hnífa í matar- og drekkutímum og þau hvött til að brytja matinn sinn og smyrja brauðið sitt sjálf. Börnin fengu lengri tíma til að æfa sig í að gera sjálf og þeim var kennt að biðja um aðstoð í stað þess að fara að gráta þegar þau réðu ekki við verkefnið.

Niðurstöður: Við sjáum framför hjá öllum börnunum, mismikla þó. Allt frá því að vera grátandi og segja „ég get ekki klætt mig sjálf/sjálfur“ í það að verða að einhverju eða öllu leyti sjálfbjarga og að geta beðið um aðstoð ef þau þurfa hana. Þessar umbætur hafa skilað góðum árangri, það er rólegra í fataklefanum og umgengni er betri, börnin ganga sjálf frá fötunum sínum í hólfin.

Það er einnig augljós framför hjá börnunum í matartímum og á salerni. Þau eru meira sjálfbjarga, brytja matinn sinn og smyrja brauðið sitt sjálf og ganga sjálf frá eftir matinn. Einnig eru þau orðin mun duglegri að passa upp á sínar eigin hreinlætisvenjur sjálf s.s. fara á klósettið og þvo sér um hendurnar fyrir og eftir matartíma.



Félagsfærni:

Markmið: Að styrkja félagsfærni barnanna og efla þau í félagslegum samskiptum sín á milli.

Leiðir: Til að efla börnin í félagslegum samskiptum höfum við tekið fyrir hlutverkaleikinn og Caroline Pratt einingakubba, bæði í hópastarfi og í frjálsum leik. Börnin þurfa að eiga samskipti sín á milli í leiknum og læra að skiptast á leikföngum og leysa deilur sem upp koma. Kennarinn tók virkan þátt í leiknum og leiðbeindi þeim ef á þurfti að halda t.d. að leysa deilumál o.fl. Einnig unnum við með Blær Vináttuverkefni.

Niðurstöður: Eftir nokkur skipti í hlutverkaleiknum og vinnu með Caroline Pratt einingakubbunum sáum við hvernig færni barnanna í samskiptum jókst og þeim gekk mun betur í leiknum. Drengirnir sem voru ekki alveg með dúkkuleikinn á hreinu nutu sín betur og leikurinn fór ekki eins oft út í hamagang. Caroline Pratt einingakubbarnir urðu vinsælir hjá börnunum og byggingarnar þróuðust hratt hjá þeim. Við sáum mikla framför hjá öllum börnunum í leiknum, samskiptin voru vinalegri, þeim gekk betur að leysa deilur og léku sér fallega með leikföngin og kubbana.

Blær Vináttuverkefni: Er forvarnarverkefni gegn einelti sem við tókum inn í leikskólann haustið 2020. Markmið verkefnisins er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag. Við leggjum áherslu á að kenna börnunum okkar að vera góður félagi og sýna vináttu, umhyggju, virðingu og hugrekki. Blær bangsi er táknmynd verkefnisins og hafa öll börnin fengið Blæ sem er lítill bangsi sem þau eiga sjálf og er merktur þeim. Litlu bangsarnir hugga og styrkja og eru vinir barnanna.

Niðurstöður: Blær vináttuverkefnið hefur vakið mikinn áhuga hjá börnunum. Þau eru meðvitaðri um vináttuna og hvers virði hún er. Við sjáum það að börnin koma og láta okkur vita ef einhver er að gráta eða taka dót af öðrum. Þau skynja líka betur ef einhver er leiður og láta þá kennarana vita. Þetta er flott verkefni sem hefur skilað miklum árangri að okkar mati.

Á Lóulandi var ákveðið að þegar barn á afmæli eru búin til afmæliskort þar sem stimplað er handafar barnsins framan á kortið og vináttu vísan *Gull og perlur* er prentuð inn í kortið.

Unnið er með vináttuverkefnið einu sinni í viku á báðum deildum en þá er börnunum skipt í tvo hópa og valið er eitt verkefnaspjald fyrir hvorn hóp, það er skoðað vandlega og spjallað



um það. Börnin eru áhugasöm og koma með alls konar uppástungur um hvernig eigi að bregðast við hinum ýmsu aðstæðum sem sýndar eru á spjöldunum eða upp koma í daglegu starfi. Einnig er lesið úr sögubókinni sem fylgir verkefninu. Við sjáum að börnin eru að minna hvort annað á að vera vinir og ef þau eru leið þá ná þau gjarnan í Blæ bangsa og knúsa hann. Hann veitir þeim huggun og styrk. Við erum líka með Blæ nuddstundir þar sem tvö og tvö börn sitja saman og nudda hvort annað. Í þessum stundum er lesin saga og hlustað á rólega tónlist. Börnin þurfa alltaf að veita leyfi og segja til um hvort þau vilji láta nudda sig. Ef það er einhver sem vill ekki fá nudd þá er það virt. Nuddstundin styrkir vináttubönd barnanna.

Málþroski og læsi:

Markmið: Efla málþroska barnanna, máltjáningu, orðaforða og skilning. Að þau læri að þekkja nafnið sitt á rituðu máli og ákveðna stafi, hljóðin sem þeir gefa og táknið þeirra.

Leiðir: Auka lestur, vinna með þulur, vísur, söngva og rím. Lesið var fyrir börnin í misstórum hópum og einnig fyrir hvert barn eitt og sér að minnsta kosti einu sinni í viku og oftast fyrir tvítyngdu börnin. Við nýttum okkur líka 10 mínútna regluna til málörvunar og Lubbi finnur málbein.

Börnin æfðu sig í framsögn með því að þeim voru gefin tækifæri til að standa upp fyrir framan hóp barna og syngja eða segja frá einhverju sem þeim lá á hjarta. Við merktum stóla, skúffur og myndir barnanna með nafninu þeirra. Þá voru leikfangakassar og skúffur merkt með myndum og heiti efniviðsins.

Niðurstöður: Farið var markvisst í að kenna þulur, vísur og rím í hádeginu, ný þula eða vísa fyrir hvern mánuð. Þau lærðu fullt af nýjum orðum og ef þau skildu ekki orðin vildu þau fá útskýringar á þeim. Það var sungið reglulega 3-4 sinnum í viku í samverustundum og einnig æfðum við vísurnar sem Lubbi kenndi okkur og máhljóðin.

Börnin fengu tækifæri til að standa upp fyrir framan barnahópinum í samverustundum og æfa sig í að klappa atkvæði, syngja eða segja frá einhverju skemmtilegu. Þetta hefur styrkt þau verulega í að þora að tjá sig fyrir framan misstóra hópa barna.

10 mínútna reglan: Kennarar áttu samtalið við hvert og eitt barn daglega, oftast í gegnum leikinn eða spjall eftir að búið var að lesa fyrir þau einstaklingslega. Einnig gripum við hvert tækifæri



sem gafst í daglegu starfi s.s. í matartímum og fataklefanum til að spjalla við börnin og tengja orð við athafnir. Einnig var lesið í hópastarfi og þá voru börnin fjögur í hóp.

Lubbi finnur málbein: Börnunum var skipt upp í tvo hópa og hvor hópur fór einu sinni í viku í Lubba stund þá var farið í máhljóð vikunnar sem var skipulagt fyrir veturinn. Börnin lærðu 25 máhljóð yfir veturinn og í þessum stundum var líka farið í ýmis orð sem tengdust máhljóði vikunnar. Börnin fengu tækifæri til að leika með máhljóðin og finna orð sem tengdust þeim og leika með rím. Þau börn sem áttu máhljóð vikunnar fengu mynd af sér hjá stafnum sínum.

Lubbi er frábært verkefni sem skilar árangri. Börnin eru farin að hljóða ýmis orð og tengja tvö hljóð saman s.s. Í.....s. Þau eru líka farin að nefna nöfn foreldra sinna og segja okkur hvaða staf foreldrar þeirra eiga.

Þessir umbótaþættir þ.e. sjálfsbjörg, félagsfærni, málþroski og læsi henta vel þeim aldri barna sem eru á Lóulandi og Þrastalandi. Því viljum við gjarnan vinna með þessa umbótaþætti næsta vetur líka.

Vinna með skapandi starf: Börnin fengu tíma, rými og tækifæri til að velja sér efnivið til að leika með og til listsköpunar. Börnin nutu sín vel við leik og listsköpun með opinn efnivið og upplifun þeirra fékk að njóta sín.

Hugarfrelsi: Síðan í haust höfum við verið að innleiða aðferðir Hugarfrelsis í leikskóla til að hjálpa börnunum að finna innri ró og frið. Við höfum nýtt okkur öndun, slökun og hugleiðslu með góðum árangri. Okkur langar til að vinna áfram með Hugarfrelsi í starfi með börnunum.

3.1.3 Endurmat Krummalands

Veturinn 2022-2023 lögðum við áherslu á hreyfingu, myndist, skapandi starf og öfluga félagsfærni. Mikil hreyfing fór fram utan og innan dyra þó svo að mikið frost á vetrarmánuðum hafi sett svolítið strik í reikninginn. Hreyfistundir í lðu gengu mjög vel og reyndu stundirnar á grófhreyfiproska barnanna.

Þemalotur vetrarins gengu mjög vel, unnið var með vísindi í formi tilrauna, vinnu með ljós og skugga og skólahópur tók þátt í vísindasmiðjum á vegum Háskóla Íslands.



Á Krummalandi lögðum við mikla áherslu á félagsfærni sem skilaði sér vel út í hópinn. Sjálfstyrking og sjálfsefning gekk mjög vel og það sýnir sig á börnunum hvað þau eru sterkari nú þegar skólaárinu er að ljúka.

Myndlistin gekk mjög vel og voru unnin þematengd verkefni sem nutu sín á veggjum leikskólans.

Vettvangsferðir skólahóps gengu einnig vel og voru börnin mjög ánægð með þær. Farið var með strætó á söfn, í leikhús, bíó, húsdýragarðinn o. fl. Í vettvangsferðum sem þessum fer fram mikil kennsla. Börnin læra á umhverfi sitt og kynnast nýjum og spennandi hlutum. Mikilvægt er að lesa barnahópinn sem er á deildinni frá ári til árs, oft breytast áherslur í starfi okkar eftir því hvað hentar hverjum hópi fyrir sig.

3.1.4 Endurmat Spóalands

Leikskólaárið 2022-2023 bauð upp á margar ólíkar áskoranir. Barnahópurinn (24 börn) var þannig samansettur að einstaklingsþarfir voru fjölbreyttar og misáberandi og komu fram í mismunandi einstaklingsbundinni hegðun. Hegðunin krafðist í mörgum tilfellum mikillar athygli og viðbragða kennara en málþroskavandi, hvatvísi og mikil hreyfipörf var t.d. áberandi á deildinni. Með tilliti til þessara þarfa barnahópsins í heild sinni lögðum við áherslu á málörvun (læsi) og styrkingu einbeitingar og úthalds í starfi og leik (félagsfærni). Markmiðið var að stuðla að vellíðan og auka sjálfstraust.

Við fundum það strax í upphafi að til þess að öllum liði sem best þyrfti mjög stífan og skýran ramma og góða rútínu. Til þess að ramminn yrði sem skýrastur og hjálplegastur fyrir börnin lögðum við mjög mikla áherslu á að allir kennarar væru meðvitaðir um rammann og að samræmi væri á milli vinnu og viðbragða kennara. Einnig var lagt mikið kapp á að skipulaginu væri fylgt eins vel eftir og möguleiki var á hverju sinni til stuðla að stöðugleika og öryggi innan barnahópsins.

Við skipulögðum allar stundir og starf út frá þeim grunnpáttum sem Rofaborg leggur aðal áherslu á, félagsfærni, læsi (málörvun) og sköpun en einnig sjálfbærni. Þættirnir höfðu þó mismikið vægi út frá þörfum hópsins sem voru allra helst málörvun og félagsfærni.

Skipulagt starf (Blær, Lubbi, útikennsla, hreyfistundir og myndlist)



Skipulagt starf fór fram fyrir hádegi (10:00 – 11:00) alla daga vikunnar nema föstudaga. Starfið var unnið í 2-3 aldursskiptum hópum eða í flæði en það fór eftir eðli vinnunnar hvaða leið var farin.

Við höldum áfram að nýta *Vináttuverkefnið Blær* í félagsfærniþjálfun. Við vildum þó hafa stundirnar hnitmiðaðri og mismunandi eftir aldurshópum til þess að auka og viðhalda áhuga og athygli barnanna. Við komumst þó að því að námsefnið átti jafn vel við báða hópa þrátt fyrir aldursmun og að í rauninni hafði námsefnið sjálft ekkert með áhugann né athyglina að gera heldur það hvernig námsefnið var kennt. Við ræddum því mögulegar breytingar á nálgun og ákváðum að prófa að kenna efnið í minni hópum og hafa stundirnar styttri. Við vorum því með þrjá hópa í stað tveggja og þrjár 15-20 mínútna stundir í stað tveggja 30 mínútna stunda og það gekk mun betur. Fleiri tóku þátt og áhuginn jókst til muna.

Mikil áhersla var lögð á málörvun á deildinni og nýttum við margar stundir dagsins til einhverskonar málörvunar. T.d. vorum við með daglegan lestur í ávaxtastundum og nýttum aðferðina *Gefðu 10* inni í frjálsa leiknum. Málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein* var okkar aðalnámsefni til málörvunar. Við vildum gera sömu breytingar á Lubba stundunum og Blæ stundunum, þ.e. að hafa þær hnitmiðaðri og áhugaverðari fyrir börnin. Við enduðum á að gera sömu breytingar, kenna sama efnið en hafa hópana minni og stundirnar styttri. Einnig vorum við með verkefnið *Lubbi fer heim* sem heppnaðist mjög vel.

Við vildum bæta málörvunina á þann hátt að nota myndir og annað sjónrænt eins og t.d. merkingar í hillur í meira magni og á markvissari hátt til þess að skapa öryggi og umræður og kynna/kenna. Við vildum setja bók- og tölustafi á veggina og merkja t.d. dótið bæði með texta og myndum. Það komst ekki til framkvæmda en erfitt var að finna tíma til og verkefnið ekki nægilega framarlega í forgangsröðinni.

Við vildum fjölga hreyfistundum og veita barnahópnum fleiri og fjölbreyttari tækifæri til hreyfingar og útrásar. Þar sem að við höfum takmarkaðan aðgang að lðu (salnum) og ekki hægt að bæta við hreyfistund inni bættum við útikennslu inn í skipulagða starfið okkar og tryggðum að þær stundir byðu upp á mikla hreyfingu. Í útikennslunni nýttum við oftast en ekki útikennslusvæðið til kennslu/kveikju og fórum þaðan í göngutúr um hverfið. Við lærðum t.d. um árstíðirnar og rýndum síðan í einkenni árstíðanna í umhverfinu okkar eða lærðum um



umferðareglur og æfðum okkur í að fylgja þeim. Við enduðum síðan marga göngutúrana á íþróttasvæði Fylkis þar sem börnin fengu ýmist að hlaupa frjálst eða leika hreyfileiki með kennara. Þetta hafði góð áhrif á barnahópinn en við fundum t.d. mikinn mun á andrúmsloftinu inni á deild þegar útikennslan féll niður og hreyfingin þ.a.l. í minna magni, meira var um árekstra og hávaða.

Við fengum aukið aðgengi að Regnboganum (myndlist) fyrir þetta námsár og ákváðum að nýta okkur það til að auka sjálfstæða sköpun, gefa börnunum fleiri tækifæri til að tjá sig í gegnum myndlistina og hafa efniviðinn opnari. Okkur fannst mikilvægt að auka bæði áhuga og sjálfstraust til sköpunar. Það gekk vel og merki um að þeim markmiðum hafi verið náð má m.a. nefna Rofaborgarhátíðarkórónur barnanna sem voru eins fjölbreyttar og þær voru margar og hannaðar af hverjum og einum frá grunni. Við héldum síðan skipulögðum stundum einu sinni í viku þar sem verkefnunum var stýrt af kennara með það að markmiði að efla fínhreyfingar.

Við hófum að nota *Hugarfrelsi* í mun meira magni en áður og á skipulagðari hátt. Við nýttum það í tilfinningakennslu annars vegar og til hugleiðslu, slökunar, öndunar og jóga hins vegar. Við vorum með hugleiðslu á hvíldartíma (Skólahópur) og vinnu þar sem börn fengu einstaklingsmiðaða kennslu í að þekkja og skilja sínar eigin tilfinningar og bregðast við þeim.

Það má segja að Hugarfrelsi snerti á mörgum af ofangreindum áherslupáttum og því fléttaðist það inn í margt af skipulagða starfinu okkar og aðrar stundir. T.d. hófust allar hreyfistundir á öndun og enduðu á slökun og Blæ stundir fólu í sér tilfinningakennslu þar sem efninu var blandað inn. Við blönduðum því einnig inn í samverustundir, t.d. með samræðum um jákvæðar tilfinningar á föstudögum (*jákvæðni inn í helgina*) og sem uppbrot þegar þörf var á (jóga og öndun). Við nýttum okkar það einnig til þess að stýra svokölluðum millibilsstundum, t.d. þegar hópurinn var að skipta úr einni athöfn eða aðstæðum yfir í aðra og höfðum efnið að leiðarljósi í öllum samskiptum okkar við börnin. Hugarfrelsi var frábær viðbót við starfið og hentaði þörfum barnahópsins mjög vel á margan hátt.

Frjáls leikur

Frjálsi leikurinn fer fram inni og úti, fyrir skipulagt starf á morgnana og eftir hvíld og fram eftir degi með uppbrotum. Hann hefur mikið vægi hjá okkur en hann er mikilvægur partur af þroska



barna og þar fer fram bæði mikil málörvun og þjálfun í félagsfærni. Því er mikilvægt að aðstæður til leiksins séu góðar og bjóði upp á bæði næði og rými til samræðna og einbeitingar.

Oft verður mikill hávaði á meðan frjálsi leikurinn fer fram innan dyra og erfitt fyrir börnin að kafa ofan í sinn leik. Við vildum breyta því. Við vildum nýta plássið okkar á markvissari hátt með því t.d. að skipta rými í tvennt eða þrennt með notkun húsgagna sem hægt var að færa á milli staða og endurraða hillum til þess að búa til rými sem bauð upp á meira næði. Þetta gekk nokkuð vel en það má segja að þetta verkefni hafi verið í stanslausri þróun og sé enn. Það sem við erum því búin að læra er að það þarf að aðlaga rýmið eftir þörfum hverju sinni og því er best að vera opinn fyrir breytingum og tilbúinn að framkvæma þær. Þannig er hægt að bjóða börnunum upp á sem bestar aðstæður til leiks og samskipta en einnig fjölbreyttari aðstæður og áskoranir.

Samverustundir

Við erum með samverustund 2-3 á dag. Samverustundir geta gefið góð tækifæri til ýmis konar vinnu en fyrst þarf að ná athygli og áhuga barnahópsins og viðhalda út stundina. Það getur reynst erfitt með 24 barna hóp. Við vildum nýta samverustundirnar á markvissari hátt en það kom gjarnan upp að sá sem átti að sjá um stundina vissi ekki hvað ætti að gera og þá var ekkert gert. Þetta voru því stundum erfiðar stundir fyrir mörg börn og lítið sem kom út úr þeim. Við ákváðum því að skipta hópnum upp í minni hópa, þ.e. 2-3. Síðan gerðum við skipulag yfir hvað ætti að fara fram í hverri stund fyrir sig. Fyrsta samverustundin er ávaxtastund og þar lesum við og borðum ávexti. Í næstu samverustund sem er fyrir hádegismat syngjum við lög mánaðarins. Misjafnt er hvort við tökum þriðju samverustundina en þá er hún til þess að brjóta upp frjálsa leikinn eftir hádegi. Í þeirri samverustund er farið í leiki eða efni Hugarfrelsis nýtt, t.d. farið í jóga.

Við finnum mikinn mun á samverustundunum eftir að við gerðum ofangreindar breytingar og þá sérstaklega þegar við höfum náð að skipta hópnum í þrennt. Það er þó ekki alltaf hægt sökum manneklu. Einnig eru stundirnar mun gagnlegri eftir að við höfum að fylgja skipulaginu og börnin öruggari með að hafa ákveðna rúttíu.



Matartímar (sjálfbærni)

Við leggjum áherslu á að efla sjálfstæði barnanna á Spóalandi og styrkja þannig sjálfstraust og sjálfsmýnd þeirra. Kjöræðstæður til að vinna að ofangreindum markmiðum eru t.d. fataklefinn og matartímar þar sem að fara fram margar athafnir sem börn eru ekki endilega vön að gera sjálf en eru að verða tilbúin í. Þá er mikilvægt að vera hvetjandi og þolinmóð í stað þess að gera hlutina fyrir þau. Með því vinnast margir sigrar sem þroska og efla sjálfstraust barnanna til muna.

Haustið 2021 hófum við að nota litlar vatnskönnur sem börnin gátu helt úr sjálf og var það stórt skref fyrir þau að taka. Það er ótrúlegt hvað lítil vatnskanna sem virkar í raun svo ómerkileg getur haft mikil áhrif og vægi í myndun sjálfsmýndar barna. Í kjölfarið á því vildum við auka áhersluna á sjálfbærni við matarborðið enn meira. Við ákváðum að þau yrðu aðstoðuð munnlega við gera sem flest sjálf svo lengi sem það væri innan skynsamlegra marka þangað til þau gætu gert allt sjálf. Þetta hefur haft mjög góð áhrif á barnahópinn í heild sinni. Þetta hefur reynst ögn flókið á tímabilum þar sem að það er einstaklingsbundið eftir kennurum hver hin skynsamlegu mörk eru. Við þurftum því að samræma okkur reglulega á deildarfundum og það hefur gengið vel.

Áherslur í samskiptum

Orð eins og „nei“, „hættu“ og „ekki“ geta verið áhrifarík orð og ættu að vera það. Þau eiga það þó til að missa marks ef þau eru notuð of oft og/eða notuð marklaust og án nánari leiðbeininga. Einnig er mun gagnlegra að barn heyri hvað á að gera í stað þess að það heyri einungis hvað það á ekki að gera. Við vildum vera meðvitaðri um hvernig við áttum í samskiptum við börnin og rýna í hvenær ofangreind orð eiga virkilega við og hvenær mætti orða hlutina á uppbyggilegri hátt eins og t.d.: „*Já, á morgun*“ í staðinn fyrir „*Nei, ekki í dag*“ og „*Vá hvað það er gott þegar það er góð þögn*“ í staðinn fyrir „*Ekki vera með svona mikil læti*“.

Eftir að hafa setið námskeið um *Náttúrulega kennslu* settum við okkur það markmið að orða sem flest á jákvæðan hátt svo lengi sem það var innan skynsamlegra marka. Með því vildum við auka jákvæða og sjálfstæða hugsun og jákvætt viðhorf barnanna en einnig gera „nei“ áhrifaríkara þegar það átti við. Þetta gekk mjög vel og það hafði greinileg áhrif á barnahópinn þegar við náðum að vera samtaka. Sem dæmi má taka samverustundir en ef erfitt var að ná



athygli og fá hópinn til að hlusta var mun áhrifaríkara að hrósa þeim sem voru tilbúnir að hlusta og fá þannig allan hópinn til að taka eftir heldur en að veita þeim sem voru að trufla athygli með því að biðja þá um að hætta. Á álagstímum gat þetta reynst erfitt og það kom fyrir að við þurftum að minna hvora aðra á markmiðið en yfir heildina litið gekk þetta mjög vel og hafði frábær áhrif á barnahópinn.

Samantekt

Við upphaf skólaársins 2022-2023 stóðum við frammi fyrir nýjum áskorunum. Tvær áskoranir vógu mest og voru þær annars vegar að gera breytingar á starfinu og hins vegar að laga umhverfið að þörfum barnahópsins.

Við sáum að við þyrftum að gera þó nokkrar breytingar og viðbætur á starfinu okkar til þess að koma til móts við þær þarfir sem barnahópurinn bauð upp á að þessu sinni. Breytingarnar sem útskýrðar voru hér að ofan höfðu góð áhrif og hjálpuðu okkur að koma til móts við einstaklingsþarfir sem og þarfir hópsins sem heild. Margar breytingar eru enn í þróun og einhverjar komust ekki í framkvæmd en eru enn á lista.

Það getur verið erfitt að gera breytingar og við fundum að þær taka tíma og orku og oft krefjast þær mikillar þolinmæði og þrautseigju, bæði fyrir starfsfólk og börn. Við þurftum því að tileinka okkur þolinmæði, staðfestu og jákvæðni, sérstaklega fyrstu vikurnar. Samstarfið gekk mjög vel og starfsfólkið átti í góðum og opnum samskiptum við hvort annað sem og barnahópinn sem var lykillinn að því að við náðum settum markmiðum.

Umhverfið sem við þurftum að skapa til þess að allir gætu þroskast og notið sín einkenndist af mjög skýrum ramma, reglum, rútinu og skipulagi. Við kenndum síðan börnunum á umhverfið með því að vera leiðbeinandi með orðum og gjörðum og með sjónrænum leiðbeiningum en þær spiluðu mjög stórt hlutverk í að skapa umhverfið sem við sóttumst eftir. Það var okkur mjög mikilvægt að halda í rammann, reglurnar, rútinuna og skipulagið og fylgja því vel eftir til þess að veita börnunum öryggi og stöðugleika. Út frá örygginu og stöðugleikanum gátum við síðan kafað betur ofan í mismunandi þarfir barnahópsins og hjálpað þeim að blómstra, hverju á sinn hátt. Það komu tímabil þar sem að það tók mjög mikið á að fylgja skipulaginu og halda öllu saman. Oft var mannekla og þó nokkuð um starfsmannaveltu. Þrátt fyrir það tókst okkur að gera okkar allra besta og samstaða, metnaður og jákvæðni vó þar mest.



Við erum þakklát fyrir að fá að taka þátt í þroskaferli barnanna á Spóalandi. Við tökum mikinn lærdóm frá skólaárinu 2022-2023 með okkur inn í það næsta og hlökkum til þess að nýta hann í að halda áfram að þróa og aðlaga starfið að því mikilvægasta sem við eigum, börnunum.

3.2 Umbótaáætlanir

Í þessum kafla koma fram þær úrbætur á starfi sem áætlað er að framkvæma næsta vetur. Eru þetta þeir þættir sem deildarnar vilja leggja meiri áherslu á, styrkja sig í og/eða kynna sem nýjungar.

Umbótaáætlanirnar eru ýmist settar upp í texta eða töfluformi, fengu deildarstjórar að skila þeim af sér eins og þeim fannst þær komast best til skila.

3.2.1 Umbótaáætlun Svanalands

Lubbi finnur málbein

Tækifæri til umbóta: Setja Lubba beint og óbeint inn í daglegt starf á deildinni. Vinna meira með Lubba í þemalotum í myndlist og hreyfistundum. Láta börnin mála sinn eigin staf og hengja upp, auka tal og söng um staf vikunnar og bæta við Lubba afþreyingu í samveru. Unnið verður með hvern staf í tvær vikur í senn.

Aðgerðir til umbóta: Kynna námsefnið Lubbi finnur málbein fyrir nýjum starfsmönnum og viðhalda kunnáttunni á deildinni.

Ábyrgð: Deildarstjórar og starfsmenn á deild

Hefst: Ágúst 2023

Lokið: Júní 2024

Hvernig metið/Aðferð?: Farið verður yfir stöðuna á deildarfundum (á tveggja vikna fresti) og skráð hvernig gekk með hvert máhljóð.

Viðmið um árangur: Að börnin eflist í málþroska, auki orðaforða sinn, betri framburður og málskilningur

Blær, vináttuverkefni

Tækifæri til umbóta: Hvetja börnin til að þekkja sínar eigin tilfinningar, setja orð á þær og vinna úr þeim á heilbrigðan hátt.

Aðgerðir til umbóta: Blær sé aðgengilegur öllum stundum og mæti á fimmtudögum í Blæ stund. Hengja upp myndir af börnum sem sýna mismunandi tilfinningar og „Tákn með tali“ mynd af viðkomandi tilfinningu til hliðar.

Ábyrgð: Deildarstjórar og starfsmenn á deild

Hefst: Ágúst 2023

Lokið: Júní 2024

Hvernig metið? /aðferðir?: Rætt verður um Blæ reglulega á deildarfundum starfsmanna.



Viðmið um árangur: Að börnin setji orð á tilfinningar sínar og finni öryggi í Blæ. Einnig að þau þekki sín eigin og annarra manna mörk með því að segja stopp í staðinn fyrir að ýta eða slá frá sér.

Blær: Blær hefur reynst okkur vel til að kynna fyrir börnunum falleg samskipti við önnur börn og fullorðna. Þau læra sín eigin mörk og að finna öryggi í leikskólanum. Við ætlum að halda áfram með starfið í svipaðri mynd og síðasta vetur.

Hugarfrelsi

Tækifæri til umbóta: Kenna börnunum að öðlast frelsi frá áhyggjum, kvíða og ótta í gegnum Hugarfrelsi.

Aðgerðir til umbóta: Slökun verður hluti af daglegu starfi deildarinnar og verður einnig fastur liður seinnipart dags. Þar fá börnin að eiga notalega stund með kennara og læra öndun, krakkajóga eða fara í rólega leiki/verkefni. Þannig eiga börnin að ná smá hvíld eftir amstur dagsins, róa taugakerfið og líða vel þegar að þau fara heim.

Ábyrgð: Deildarstjórar og starfsmenn á deild.

Hefst: September 2023

Lokið: Júní 2024

Hvernig metið? /aðferðir?: Rætt verður á deildarfundum hvernig gengur.

Viðmið um árangur: Að börnin sýni getu til þess að hlusta á eigin líkama og ná að róa taugakerfið.

Hugarfrelsi: Það hefur verið gott fyrir alla á deildinni að nota Hugarfrelsi. Við öll í sameiningu róum taugakerfið niður með mismunandi aðferðum sem starfsfólk hefur lært á námskeiðum hjá Hugarfrelsi og hefur gengið mjög vel að fá börnin til að taka þátt. Þau eru farin að biðja um að fara í slökun þegar líða fer á daginn og hlakka allir til að eiga notalega stund með slakandi tónlist og lavender lykt (töfravatn) í loftinu. Við ætlum að halda áfram að hafa þetta sem part af dagskipulaginu.

Sjálfbærni

Tækifæri til umbóta: Hvetja börn með jákvæðum samskiptum að prufa sig áfram, gera aðgengi fyrir þau til þess að ganga frá sjálf eftir mat og komast sjálf á klósett. Gefa þeim tækifæri til að hjálpa við ýmis "störf" á deildinni.

Aðgerðir til umbóta: Lesa bækur um sjálfbærni, leyfa börnunum að hjálpa kennurum með ýmis verkefni (t.d. ná í matarvagn, fara með óhreinan þvott inn í þvottahús o.s.frv.).

Ábyrgð: Deildarstjórar, starfsmenn á deild.

Hefst: September 2023

Lokið: September 2024

Hvernig metið? /aðferðir?: Rætt verður um hvernig gengur á deildarfundum.

Viðmið um árangur: Árangri hefur verið náð þegar börnin sýna frumkvæði, eru sjálfstæðari og sýna áhuga á að prófa sjálf nýja hluti.

Sjálfbærni: Við höfum unnið að því að skapa rými og tíma fyrir yngstu börnin til þess að vinna verkefni sjálf án þess að reka á eftir þeim. Gefa þeim nægan tíma, hvort sem það er í



matartímanum eða fataklefanum. Við hvetjum þau með orðum og táknum og leiðbeinum þeim þegar þeim vantar aðstoð. Börnin eru með mis mikla færni í fín- og grófhreyfingum þannig að við þösum að þau fái verkefni við hæfi. Sum geta þurrkað upp eftir sig sjálf ef þau hella óvart niður og gengið frá diskum og glösum á matarvagn. Önnur þurfa meiri aðstoð. Klósettin eru aðgengileg fyrir þau sem eru hætt með bleyju og hefur reynst vel að vera með palla og setur fyrir aukið öryggi á klósettinu. Börnin hafa blómstrað á mörgum sviðum í vetur og hefur aukin geta til sjálfshjálpar átt stóran hlut í því. Bara að skipta úr könnu yfir í glas getur verið stórt skref fyrir lítinn einstakling.

Frjáls leikur

Tækifæri til umbóta: Við stefnum að því að nýta frjálsa leikinn betur til kennslu.

Aðgerðir til umbóta: Þetta gerum við með því að taka markvisst þátt í leiknum með börnunum og setja orð á athafnir. Við ætlum að búa til rólegt umhverfi þar sem þau geta notið sín. Við ætlum einnig að byrja aftur á könnunarleiknum þar sem börnin fá opinn efnivið til þess að kanna og leika með.

Ábyrgð: Allir starfsmenn á deildinni taka þátt og bera ábyrgð.

Hefst: Ágúst 2023

Lokið: júní 2024

Hvernig metið/aðferðir?: Rætt verður á deildarfundum hvernig gengur og hvað má bæta/breyta.

Viðmið um árangur: Við sjáum árangur þegar börnin eru orðin fær í að leika með öðrum börnum eða í hliðarleik og geta tjáð sig í gegnum leikinn. Þegar börnin sýna gleði og forvitni gagnvart umhverfi og leik.

Markviss málörvun

Tækifæri til umbóta: Við stefnum að því að auka málskilning og orðaforða barnanna.

Aðgerðir til umbóta: Þetta gerum við með því að tala enn meira við börnin og setja orð á allar athafnir, lesa fyrir þau og syngja með þeim. Einnig ætlum við að fara með vísur fyrir hádegismat. Við stefnum að því að nýta fataklefan meira fyrir lestur með smærri hópum og fyrir þá sem þurfa á meiri örvun að halda. Við ætlum að nýta Lubbi finnur málbein til þess að bæta framburð. Einnig notum við Tákn með tali og Litla sól (bók sem er full af hugmyndum og leikjum til þess að efla málþroska barna).

Ábyrgð: Allir starfsmenn á deildinni taka þátt og bera ábyrgð.

Hefst: Ágúst 2023

Lokið: Júní 2024

Hvernig metið/aðferðir?: Haldið verður utan um lista yfir hverjir fara fram í fataklefa í málörvun hverju sinni. Einnig verður rætt hvernig gengur á deildarfundum.

Viðmið um árangur: Þegar starfsfólk er orðið meðvitað um að nýta allar stundir dagsins í málörvun.



3.2.2 Umbótaráætlun Þrastalands og Lóulands

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Styrkja félagshæfni barna og samskiptin þeirra á milli.	Efla börn í félagslegum samskiptum sín á milli.	Vinna með hlutverkaleik og einingakubba í litlum hópum fram að áramótum þar sem kennari tekur virkan þátt í leiknum með börnunum. Þessir leikir verða áfram í boði eftir áramót í frjálsum leik. Einnig ætlum við að nýta vináttuverkefnið Blær, forvarnarverkefni gegn einelti.	Allt starfsfólk deildar.	Haut 2023	Vor 2024	Skráning innan hvers hóps hvernig leikstundin gekk. Umræður og endurmat á deildarfundum yfir veturinn. Endurmat að vori.	Betri félagsfærni barna, að þau geti leyst sín deilumál sjálf og sýni hvert öðru samkennd og virðingu. Að börnin læri að standa á sínu.
Efla málþroska barna.	Auka máltjáningu, orðaforða og skilning barna ásamt því að gera ritmál sýnilegt.	Auka lestur, þulur, vísur, söngva og rím. Gefa þeim tækifæri til að semja sjálf eða segja frá fyrir framan aðra. Gefa 10 mín. á dag og lesa fyrir hvert barn einstaklingslega. Unnið verður með „Lubbi finnur málbein“ og einnig verkefnið „Að sýna og segja frá“ Allir stólar barnanna, leikfangakassar og listaverk eru merkt með ritmáli.	Allt starfsfólk deildar.	Haut 2023	Vor 2024	Umræða á deildarfundum tvisvar til þrisvar á önn um hvernig gengur. Minna okkur á 10 min. reglu.	Gera börnunum kleift að tjá skoðanir sínar, þarfir og tilfinningar sem styrkir sjálfsmynd þeirra. Einnig að þau geti lesið í umhverfi sitt
Styrkja börnin til sjálfsbjargar.	Að börnin verði meira sjálfbjarga: s.s. að klæða sig í og úr útifötum, við að brytja og smyrja í matartímum og bjarga sér á klósetti.	Við hvetjum þau til að reyna og gera sjálf, gefum þeim lengri tíma og þolinmæði.	Allt starfsfólk deildar.	Haut 2023	Vor 2024	Könnun: tilbúið skráningarblað þar sem við skráum getu barna að hausti, og vori. Ræðum framfarir á deildarfundum um veturinn.	Að börnin geti bjargað sér sjálf í fataklefa, í matartímum og á klósetti.



Skapandi starf	Virkja sköpunar gleði barnanna í leik og starfi.	Gefa börnunum tækifæri til að velja sér efnivið til sköpunar í leik og starfi.	Allt starfsfólk deildar.	Haust 2023	Vor 2024	Myndræn skráning og umræða á deildarfundum yfir veturinn.	Að börnin upplifi gleði og áhuga og njóti þess að skapa sjálf.
Hugarfrelsi	Að börnin læri að skilja tilfinningar sínar og annarra, og læri að finna fyrir innri ró og vellíðan.	Gera öndunar-æfingar fyrir hádegismat. Gera slökunar-æfingar fyrir hvíld og eftir hreyfistundir Ræða um tilfinningar í samverustundum.	Allt starfsfólk deildar.	Haust 2023	Vor 2024	Endurmat á deildarfundum 2svar til 3svar yfir veturinn, hvort það séu sýnilegar breytingar á barnahópnum.	Að börnin læri að njóta og upplifa góðar tilfinningar og vellíðan í leik og starfi.

3.2.3 Umbótaráætlun Krummalands

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málproski/ læsi	Styrkja þarf öll börn deildarinnar til þess að þau nái góðum tókum á Íslensku, sérstaklega þau sem eru með málþroskavanda.	Lestur í litlum hópum, leggja orð á alla hluti og athafnir daglegs lífs. Einnig á að skipta hópnum eftir getu og fara með þau í málörvun á morgnana. Notast verður við sögupoka, einstaklingsmiðuð verkefni, Lubbi finnur málbein, Gefðu 10 og skemmtilegar bækur. Einnig á að nota spilastundir og útikennslu til málörvunar.	Sett verður upp plan inni á deild þar sem hver starfsmaður hefur sitt hlutverk. Starfsmaður á deikld sér um Lubbastarf.	Haust 2023	Vor 2024	Skráningar hópstjóra verða notaðar til að meta árangur. Framfarir, aðferðir og árangur verður metinn á deildarfundum. Hljóm-2 er gert með öllum börnum á elsta ári.	Málproski barnanna eflist. Fylgjumst með framförum með skráningum. Þau börn sem komu út með slaka færni í Hljóm -2 endurmetin.
Félagsfærni	Aðstoða þarf börnin í að ná góðum tókum á félags- og tilfinningafærni. Markmiðið er að efla sjálfsöryggi og styrkja sjálfmynd barnanna	Skipta á börnunum eftir aldri. Nota skal kennsluefni frá Hugarfrelsi með eldri börnunum og Vináttuverkefnið Blær með þeim yngri. Nota á kennsluaðferð Leikur að læra. Notast verður við tilfinningaspjöld, hugtök, bækur og annað kennsluefni frá Hugarfrelsi með eldri börnunum. Námsgögn og námsgögn frá Barnaheill (Blær) verður notað með yngri hóp.	Deildarstjóri sér um félagsfærnistun dirnar, bæði eldri og yngri hóp.	Haust 2023	Vor 2024	Skráningar um hvað gengur vel og hvað ekki virkar illa verða notaðar til þess að meta árangur á deildarfundum.	Sjáum árangur með því að fylgjast með samskiptum barnanna.



Sköpun og myndlist	Sköpun og myndlist síðasta vetur fór vel fram og verður því áfram með sama sniði í ár. Tengja myndlistina við Lubba, Blæ, fjölmenningsvikur, árstíðir, hátíðir og annað sem er í gangi í leikskólanum. Stuðla að sköpun í víðara samhengi.	Hópstjóri myndlistar þarf góðan tíma til að undirbúa verkefni. Nota skal fjölbreyttan efnivið sem fæst inni í listasmiðju og úti í náttúrunni.	Hópstjóri mun halda áfram að vera ábyrgðarmaður myndlistar og mun hún einnig sjá um ferilmöppur barnanna.	Haust 2023	Vor 2024	Framfarir og umbætur ræddar á deildarfundum.	Afrakstur er metinn í ánægju og sköpunargleði barnanna.
Þematengd verkefni	Skipuleggja þarf starfsemi deildarinnar út frá þeimum skólaársins. Einnig þarf að huga að verkefnum tengdum fjölmenningu.	Fræða börnin um fjölmenningu deildarinnar, fá erlenda foreldra með okkur í lið, lesa bækur á mismunandi tungumálum barnanna og hafa sérstakar stundir tileinkaðar löndum barnanna á deildinni	Umsjónarmaður fjölmenningsverkefnisins á Krummalandi ber ábyrgð en allir starfsmenn taka þátt.	Haust 2023	Voru 2024	Staða verkefnis metið á deildarfundum nokkrum sinnum yfir árið.	Markmið verkefnisins er að börnin fá að kynnast öðrum menningarheim um og að börn af erlendum uppruna finni til stólts af uppruna sínum og þjóð sinni.
Hreyfing	Efla grófhreyfiþroska barnanna. Bæði innandyra og utandyra daglega.	Börnin fara í minni hópum í hreyfingu í sal minnst einu sinni í viku. Þar verða notaðar mismunandi aðferðir til að styrkja hvern grófhreyfiþátt fyrir sig. Áframhaldandi vinna í útikennslu	Umsjónarmaður hreyfistunda á Krummalandi sér um að skipuleggja hreyfingu en allir starfsmenn taka þátt	Haust 2023	Vor 2024	Árangur metin með skráningum.	Skráningar lagðar fyrir á deildarfundum þar sem framfarir barna og aðrir áhersluþættir eru til umræðu.

3.2.4 Umbótaáætlun Spóalands fyrir veturinn 2023 - 2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Máltíðir/sjálfbærni	Efla sjálfstæði við matarborðið	Leyfa börnunum að gera sem flest sjálf innan skynsamlegra marka	Deildin	Sept. 2023	Júlí 2024	Rætt á deildarfundum	Að börn öðlist sjálfstæði í að bjarga sér sjálf – Styrkja sjálfsmýnd
Hreyfing í lðu/útikennsla	Oftar	Fjölga hreyfistundum úti og inni + göngutúr 1-2 í viku	Deildin fylgir skipulagi frá deildarstjóra	Sept. 2023	Júlí 2024	Rætt á deildarfundum	Að börn fái fleiri tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar



Ávaxtastundir	Nýttar til málörvunar og til að efla sjálfbærni	Hafa ávaxtastundina í þrennu lagi. <i>Spóalandssaga</i>	Deildin fylgir skipulagi frá deildarstjóra	Sept. 2023	Júlí 2024	Rætt á deildarfundum	Efla sjálfstraust í að taka þátt í samræðum að eigin frumkvæði
Áherslur í samskiptum	Auka jákvæðni í samskiptum við börnin og vera fyrirmyndir t.d. í að nota innirödd	Orða sem flest á jákvæðan hátt í staðinn fyrir neikvæðan – Nei verður marktækara	Deildin	Sept. 2023	Júlí 2024	Rætt á deildarfundum	Stuðla að jákvæðri hugsun og samskiptum sem og góðum anda
Samstarf Krumma- og Spóalands	Gefa börnunum tækifæri til að kynna betur og efla sjálfstraust í að kynna bæði öðrum börnum og nýjum stöðum	Föstudagsflæði	Deildirnar	Sept. 2023	Júlí 2024	Rætt á sameiginlegum fundum	
Frjáls leikur	Markviss þátttaka fullorðinna í leik	Frá ca. 9:00 – 9:15 (8:45-9:00?) og 13:00 – 13:15 taka kennarar þátt í leiknum.	Deildin	Sept. 2023	Júlí 2024	Rætt á deildarfundum	Að kennarar nýti leikinn í málörvun og félagsfærniþjálfun og börnin fá fyrirmyndir í leik
Málörvun og læsi	Nýta Lubba og gefðu 10 til málörvunar	Hringekja 2x í viku með 3 stöðvum → Lubbi, Hugarfrelsi/Blær og sköpun	Deildin fylgir skipulagi frá deildarstjóra	Sept. 2023	Júlí 2024	TRAS og Hljóm-2	Að börn geti nýtt sér tungumálið í leik, námi og öðrum samskiptum
Félagsfærni	Nýta Blæ og Hugarfrelsi til að efla félagsfærni	Hringekja 2x í viku með 3 stöðvum → Lubbi, Hugarfrelsi/Blær og sköpun	Deildin fylgir skipulagi frá deildarstjóra	Sept. 2023	Júlí 2024	Rætt á deildarfundum	Að börn þekki og átti sig á styrkleikum og tilfinningum sínum og annarra sem mismunandi félagslegar aðstæður kalla fram og læri að nýta og bregðast við þeim á réttan hátt
Skapandi starf	Auka fjölbreytni í sköpun → Söngur, ljóð og leiklist +Myndlist	Hringekja 2x í viku með 3 stöðvum → Lubbi, Hugarfrelsi/Blær og sköpun	Deildin fylgir skipulagi frá deildarstjóra	Sept. 2023	Júlí 2024	Rætt á deildarfundum	Að börn kynnist fjölbreyttum leiðum sem styðja við skapandi hugsun
Söngstundir	Söngstundir meira spennandi og sem undirbúningur fyrir föstudagssöngstund	Fækka niður í 3x í viku en aðra daga jóga og jákvæðnisstund	Deildin fylgir skipulagi frá deildarstjóra	Sept. 2023	Júlí 2024	Rætt á deildarfundum	Styrkja málþroska og stuðla að áhuga á söng
Náttúruleg kennsla	Styrkja hegðun barnanna með því að nýta leiðir náttúrulegrar kennslu	Rýna í ástæður hegðunar hvers og eins áður en við bregðumst við	Deildin	Sept. 2023	Júlí 2024	Rætt á deildarfundum með því að fara yfir nafnalistann	Einstaklingsmiðuð viðbrögð við hegðun til þess að styrkja börn í þeim



						og rætt um eitt barn í einu	þáttum sem eiga við hvern og einn
Umhverfi til menntunar	Nýta umhverfið á markvissari hátt → Sjónrænt á veggi og annað	Sjónrænar leiðbeiningar á hillum og á dótakössum, stafi og tölustafi á veggi og sjónrænar reglur sem og dagskipulag á töflu	Deildin	Sept. 2023	Júlí 2024	Rætt á deildarfundi	Að börn læri að nýta sér sjónrænar upplýsingar í umhverfinu til sjálfstæðis og málnotkunar
Fjölmennig	Leggja áherslu á að fræðast um móður/föðurland hvers og eins í ákveðinn tíma í senn	Tengja löndin inn í skipulagt starf eins og samverustundir	Deildin skipar verkefnastjóra og fylgir skipulagi	Sept. 2023	Júlí 2024	Rætt á deildarfundi	Að börn kynnist mismunandi menningu og stuðla að víðsýni og sjálfsöryggi



4 Innra mat sérkennslu

4.1 Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023	Börn með fjármagn fengu öll daglegar einstaklingsvinnustundir með sínum stuðningsaðilum. Þau börn voru öll með einstaklingsnámsskrár unnar út frá AEPS listanum þar sem árangur var metinn á 6 mánaða fresti. Fjöltýngd börn fóru öll í vinnustundir í litlum hópum þrisvar í viku með umsjónarmanni fjölmenningar sem sá um skráningar og mat á árangri. Börn sem fóru í málþroskamat fengu verkefni við hæfi inn á deild og sá deildarstjóri hvernar deildar um að þeim væri sinnt. Börn með hegðunar- og skilningsvanda fengu sjónrænt dagskipulag og ýmis umbunarkerfi sem voru mikið nýtt.
Hvaða matsgögn voru notuð?	Matsgögn sem notast var við í Rofaborg haustið 2022-2023 voru TRAS, AEPS, HLJÓM-2, EFI-2, Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn. Hafa þessi gögn reynst vel til að fylgjast með þroskaframvindu allra barna í leikskólanum en einnig við gerð einstaklingsnámsskráa fyrir þau börn sem þurfa á því að halda. Áætlað er að bæta við Íslenska máhljóðamælinum í flóru matsgagna sem notuð verða í Rofaborg næsta vetur.
Hvaða námsefni var notað?	Námsefni sem notað var í sérkennslu veturinn 2022-2023 var m.a. Lubbi finnur málbein, námsgögn og efni framleitt af Hugarfrelsi, Tákn með tali, námsefni og verkefni búin til í leikskólanum og verkefni frá Fjölbreytt kennsla. Spil eins og Krakka-Alias , söguspilið, Fun-Deck og fleiri voru notuð í margvíslegum tilgangi. Smáforritin Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin og Bitsboard voru einnig notuð í sérstökum vinnustundum. Einnig nýtum við okkur mikið félagshæfnisögur Carol Gray.

Í Rofaborg er öflugri sérkennslu sinnt vel af starfsfólki og er mikil áhersla lögð á snemmtæka íhlutun sem miðar ávallt að því að grípa inn í um leið og grunur liggur fyrir um frávik í þroska barns. Leitast starfsfólk sérkennslunnar við að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum. Í Rofaborg notast starfsfólk við hjálpargögn, skimanir og matslista svo sem AEPS, Íslenska þroskalistann, Íslenska máhljóðamælirinn, EFI-2, Hljóm-2, TRAS o.fl. til að fylgjast með framvindu og þroska barnanna. Einstaklingsáætlanir og verkefni sem efla barnið í þeim þáttum sem það á í erfiðleikum með eru útbúin af sérkennslustjóra og stuðningsaðila sem svo hafa yfirumsjón með kennslu barnsins. Í Rofaborg er þó lögð áhersla á að allir starfsmenn deildarinnar komi að kennslu og umönnun allra barnanna.



Námsefni sem notað er í sérkennslu í Rofaborg er fjölbreytt. Námsefnið þarf að taka tillit til ólíkra þarfa allra barnanna í leikskólanum, nýtast í kennslu í hóp sem og í einstaklingskennslu, sýna markvissan árangur og að sjálfsgöðu vera skemmtilegt. Teljum við mjög mikilvægt að barn hafi gaman af námi og viðveru í leikskólanum og er því lögð áhersla á að finna námsefni sem höfðar til hvers og eins. Nýverið var t.d. keypt nýtt spennandi spil frá YOLI sem ætla að er til málörvunar.

4.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Koma af stað nýjum málörvunarhópum	Síðasta vetur voru sérstakar málörvunar stundir fyrir tvítyngdu börnin. Við sjáum þó að mörg af Íslensku börnunum þurfa einnig auka örvun og ætlum því að bæta þeim við í málörvunarhópum.	Skrá niður öll börnin sem koma illa út úr Efi-2 og bæta þeim við í málörvunarhópa. Vinna þarf með ýmsa þætti málsins.	Sérkennslustjóri og verkefnastjóri sjá um að fylgja verkefninu eftir og sinna málörvun	Haut 2023	Vor 2023	Framfarir eru skráðar niður og Hljóm-2, EFI-2 og Íslenski máhljóðamælirinn verður notað til þess að meta árangur.	Málörvunin hefur skilað árangri ef börnin sýna framfarir í íslensku, þau geta tjáð sig betur og líður vel.
Samstarf milli stuðningsaðila	Efla samstarf milli stuðningsaðila þeirra barna sem eru með fjármagn. Gefa þeim tækifæri og tíma til að ræða saman og deila því sem þau eru að gera. Skiptast á hugmyndum og verkefnum.	Setja niður fastan tíma vikulega þar sem stuðningsaðilar hittast í um klukkustund.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar hvernar deildar hjálpast að við að finna tíma sem hentar deildunum.	Haut 2023	Vor 2024	Blað útbúið þar sem stuðningsaðilar skrá niður í lok tímabils hvort þessir fundir hafi skilað sér í betri vinnu með börnin.	Farið verður yfir svör starfsmanna og ef þetta fyrirkomulag hefur leitt til jákvæðra svara, þá er markmiðinu náð.
Hugmyndabankar	Hugmyndabankar með verkefnum, leikjum, æfingum og fleira verða búnir til og hafðir aðgengilegir öllum starfsmönnum.	Búa þarf til möppur inni á Sameign leikskólans þar sem starfsmenn setja inn og flokka allt það efni sem þeir hafa verið að vinna með í leikskólanum.	Stjórnunnarteymi leikskólans hefur umsjón með verkefninu en allir starfsmenn taka þátt og setja inn verkefni í hugmynda-bankana	Haut 2023	Vor 2024	Umræður um gagnsemi og skilvirkni hugmynda-bankana verða á starfsdegi.	Verkefnið hefur skilað árangri ef hugmynda-bankarnir auðvelda starfsfólki vinnu sína.



Lausnar-teymi	Eftir sumarfrí þarf lausnar-teymi leikskólans að hefja störf að nýju.	Ákveða þarf nýjan fundartíma teymisins og kynna teymið fyrir nýju starfsfólki og foreldrum.	Tengiliður Rofaborgar	Ágúst 2023	Sept. 2023	Starf lausnar-teymisins verður metið á fundum.	Ef starfsfólk og foreldrar eru dugleg að leita til lausnar-teymisins og fá aðstoð er teymisvinnan að skila árangri.
Endurskipulagning sérkennslu-herbergis	Aðeins eitt sérkennslu-herbergi er til staðar í Rofaborg. Er því mikilvægt að efniviður, námsgöng, tímatafla og annað sé vel skipulagt svo að hægt sé að nýta herbergið að fullu.	Taka þarf til í herberginu, flokka verkefni og henda þeim sem ekki er verið að nota. Mikilvægt er að hver stuðningsaðili hafi sinn stað til að geyma þau gögn sem hann er að vinna með hverju sinni. Einnig þarf að útbúa nýja tímaáætlun fyrir starfsfólk.	Sérkennslustjóri	Júní 2023	Okt 2023	Starfsmenn í sérkennslu meta hentugleika nýs skipulags og koma með hugmyndir af úrbótum ef þarf.	Árangur mælist í hversu hentugt nýtt skipulag herbergisins er.

4.3 Lausnar-teymi og tengiliður

Lausnar-teymi hefur verið starfrækt í Rofaborg frá ársbyrjun 2023. Í teyminu sitja tengiliður Rofaborgar, sem er Sigríður María Sigurðardóttir sérkennslustjóri, leikskólastjóri Rofaborgar, verkefnastjóri og einn starfsmaður í sérkennslu leikskólans. Hlutverk lausnar-teymisins er að veita foreldrum og starfsfólki leikskólans stuðning í formi upplýsinga og ráðgjöf vegna hegðunar-, samskipta- og/eða námserfiðleika barnanna. Teymið styður starfsfólk og foreldra með því að skoða vandann og koma með tillögur að lausn mála. Sendar eru inn tilvísanir til lausnar-teymis á sérstöku eyðublaði og er málið iðulega tekið fyrir á næsta fundi. Lausnar-teymið fundar á tveggja vikna fresti.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

5.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Fjármagni var varið í verkefnastjóra sem hefur yfirumsjón með málörvun fjöltyngdra barna og fór með þau í sérstakar málörvunarstundir í litlum hópum. Áhersluatriði voru misjöfn hjá hverjum hóp fyrir sig og fóru þau eftir þörfum barnanna að hverju sinni.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Prisvar í vikur fóru börnin í vinnustundir með verkefnisstjóra þar sem aðaláhersla var lögð á orðaforða. Unnið var með bækur, spil og myndir. Á deildum var unnið með Gefðu 10 og einnig fengu börnin stund þar sem lesið ver fyrir eitt barn í einu ásamt sögustund í hópi sem var daglega.</p>
<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Í vinnustundum með verkefnisstjóra voru tekin fyrir hugtök og þau rædd og skilgreind þannig að skilningur verði sem bestur. Í les- og samverustundum voru börnin spurð út í sögurnar eftir lestur. Þannig skapast umræður um efnið og betri skilningur náðist. Á yngri deildunum var orðaforði einnig dýpkaður með því að útskýra algeng orðatiltæki og vísur. Á eldri deildum var unnið áfram með þessa þætti en þar var einnig unnið með samsett orð og lesskilning.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Verkefnastjóri skráir niður og fylgist með framförum fjöltyngdra barna í íslensku. Deildarstjórar gera TRAS skráningar á 6 mánaða fresti og sérkennslustjóri og verkefnastjóri sjá um málþroskaskimanirnar EFI-2 og Hljóm-2.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Orðaforða aukum við með því að lesa bækur, spila og í gegnum ýmsa leiki. Farið er í gegnum orðaforðalista sem gefinn er út af Menntamálastofnun. Unnið er að því að börnin öðlist sem ríkulegast mál og farið er vel í sem flesta orðflokka s.s. matvæli, athafnir, leik, leikefni. Lesnar eru örsögur, en það hvetur barnið til að hlusta og taka eftir. Síðan er spurt út í söguna. Orðin eru æfð með því að klappa þau í samstöfur og leikið er með rím. Við æfum líkamsheiti s.s. augu, nef, enni, haka og háls, og bætum við eftir því hvernig gengur. Við lærum afstöðuhugtök s.s. ofan í, ofan á, fremst, aftast, við hliðina o.s.frv. Einnig stærðarhugtök s.s. stór, lítill, stærstur, minnstur, langur, stuttur o.s.frv. Tjáningu þjálfum við með umræðum um það sem barninu finnst skemmtilegt, hvað barnið var að gera og hvað það langar til að gera. Börnin eru hvött til að tjá sig og einnig að eiga í samræðum við hvert annað. Börnin er hvött til að</p>



	<p>tjá sig um líðan sína og tilfinningar, en þannig læra þau að bera virðingu fyrir ólíkum tilfinningum og að setja sig í spor annarra. Við leikum okkur með hljóðin (hljóð stafanna og orðanna) og stafirnir gerðir sýnilegir. Við styrkjum sjálfsmynd barnsins með því að finna styrkleika hvers og eins svo barnið fái sem best notið sín. Við vinnum ýmis verkefni sem börnin óska eftir hverju sinni. Við erum dugleg að hrósa og kenna börnunum að hrósa hvert öðru. Einnig tölum við um vináttuna og gildi hennar. Fínhyfingar æfum við með því að nota m.a. leir, perlur, púsl, teikna, skrifa, ífellukassa, litakeilur, og tré smíðadót. Börnin læra einnig að fara eftir fyrirmælum s.s. viltu kveikja ljósið, gjörðu svo vel að fá þér sæti í stólinn (eða á gólfíð), slökkva ljósið og fl. Þau læra líka að bíða og hvenær þau mega byrja og svo að hætta. Við ræðum um önnur lönd, ólíkt útlit og menningu. Lögð er áhersla á að í raun erum við öll eins, fólk með tilfinningar, þrár og langanir. Áhersla er á virka þátttöku hvers barns og má glöggst sjá hve sjálfsöryggi og tjáning þeirra eykst</p>
--	---

5.2 Umbótaáætlun –fjölgun 2023-2024

Eins og staðan er í dag er rúmlega þriðjungur barna í Rofaborg með fleiri en eitt mál. Verður fjármagninu sem þeim fylgir áfram varið í starfsmenn sem sjá um öflugan málörvun fyrir barnahópinn. Börnunum verður skipt niður í smærri hópa og unnið með ýmsa þætti málsins. Skipulag málörvunarinnar verður í höndum sérkennslustjóra og verkefnastjóra. Vegna plássleysis hefur það vafist fyrir okkur í svólitinn tíma hvar hægt sé að hafa málörvunarstundirnar. Aðeins eitt sérkennsluherberg er í leikskólanum og er það í notkun allan daginn fyrir börn með sértækar stuðningsþarfir. Til þess að leysa vandann höfum við verið í sambandi við forstöðukonu Töfrasels, frístundamiðstöðvar Árbæjarskóla og munu elstu börnin fá að fara þangað og nýta húsnæðið tvo morgna í viku. Verður þá hægt að sinna málörvun í herbergjum sem þá losna á elstu tveimur deildunum. Sigríður sérkennslustjóri og Margrét verkefnastjóri munu sjá um þessar málörvunarstundir. Byrjað verður strax í haust og framfarir metnar með skráningum, Efi-2, Hljóm-2 og Íslenska máhljóðamælinum. Áhersla verður einnig lögð á að allir starfsmenn deildanna í Rofaborg leggi sig fram við að nota Gefðu 10, sem reynst hefur vel í mörgum leikskólum og hefur verið í notkun hér. Starfsmenn verða hvattir til þess að lesa einslega fyrir börnin ásamt því að leggja orð á allar athafnir.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Áætlað er að allir starfsmenn komi í starfsþróunarsamtal 2023-2024. Síðasta skólaár voru tekin örviðtöl og þá var ákveðið málefni tekið fyrir. Það gafst vel og verða viðtölin í svipuðu formi þennan veturinn.

Til þess að auka starfsþróun og samstarf milli deilda hefur einnig verið ákveðið að útnefna þemastjóra á hverri deild sem hafa yfirumsjón með ákveðnum verkefnum. Þemastjórar hversrar deildar hittast svo nokkrum sinnum yfir árið til þess að samræma vinnubrögð og læra af starfsemi annarra deilda.

Fræðsla

Ákveðið hefur verið að leggja sérstaka áherslu á öflugna málörvun og félags- og tilfinningafærnikennslu veturinn 2023-2024 í Rofaborg. Áætlað er að sækja ný námskeið og endurmenntun í *Lubbi finnur málbein*, *Vináttuverkefninu Blæ*, *Hugarfrelsi* og *Leikur að læra*. Er það hugsað sem upprifjun fyrir starfsmenn sem hafa verið hér í nokkurn tíma og kennsla fyrir nýtt starfsfólk til þess að allir starfsmenn kunni á þau verkfæri og námsefni sem notað verður. Tilgangur náms í félags- og tilfinningafærni og öflugrar málörvunar er að auka seiglu, öryggi, jákvæð samskipti, tilfinninganæmni og vellíðan barna, en einnig til að bæta sjálfsmynd barnanna og stuðla að bættum anda á deildum og almennum skólabrag. Markmiðið er að skila af okkur sterkum og jákvæðum einstaklingum út í samfélagið.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Löng hefð er fyrir samstarfi Rofaborgar og Árbæjarskóla og má rekja það allt til ársins 1987. Það er okkur mikið hjartans mál að börnin séu í góðri tengingu við samfélagið utan leikskólans og umhverfið hér í Árbænum. Markmið samstarfsins er:

- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við flutning frá leikskóla til grunnskóla og frístundar.
- Brúa bilið milli skólastiganna og stuðla að heilstæðu námi barna.
- Efla og styrkja samstarf starfsfólks á báðum skólastigum.

Liður í að undirbúa elstu börnin fyrir grunnskólagöngu hefur einnig verið fara í heimsóknir í frístundamiðstöðina Töfrasel. Þar fá börnin að kynnst húsinu og starfinu sem þar fer fram.

Á vorin hefur elstu börnunum stundum verið boðið að koma og syngja fyrir eldri borgara í Árbæjarkirkju. Leikskólinn tekur boðum sem þessum fagnandi því að við teljum viðmikilvægt að börnin séu þátttakendur í samfélaginu í heild sinni hér í Árbænum enn ekki bara samfélaginu í leikskólanum.



Samstarf leikskólans við unglingadeild Árbæjarskóla veturinn 2023-2024

Næsta vetur er ætlunin að auka á samstarfið milli Árbæjarskóla og Rofaborgar enn frekar með því að bjóða uppá valáfanga fyrir 9. og 10. bekk í leikskólafræðum. Nemendur sem velja sér þann valáfanga munu fá að kynnast starfsemi leikskólans og kennslu ungra barna. Einnig munu þeir vinna verkefni í skólanum og á vettvangi hér í leikskólanum. Markmið áfangans er að kynna spennandi umhverfi og skapandi starf leikskólans fyrir ungu fólki, sem á eftir að velja sér starfsvettvang í framtíðinni og vonandi auka þannig aðsókn í leikskólakennaranámið.

8 Foreldrasamvinna

Í Rofaborg viljum við leggja mikla áherslu á gott foreldrasamstarf. Eftir Covid-19 faraldurinn hefur gengið hægt að koma í gang aftur viðburðum fyrir foreldra, en á því verður breyting veturinn 2023-2024. Er stefnan að bjóða foreldrum meira inn í leikskólann á viðburði og opin hús.

Foreldraráð: Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldra. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Starfsreglur foreldraráðs voru samþykktar árið 2014. Í foreldraráði eiga að sitja að lágmarki þrjú fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Skipa þarf nýtt foreldraráð í sept. 2023.

Foreldrafélag: Foreldrafélag hefur séð um viðburði sem hafa það að markmið að efla félagsauð barna og foreldra í Rofaborg. Þar má nefna sveitarferð, fjölskylduhátíð, piparkökumálun fyrir jól og einnig hefur foreldrafélagið lagt sitt af mörkum við útskrift elstu barna.

Foreldrafundir: Foreldrafundir verða haldnir haustið 2023. Fundirnir eru deildarskiptir og eru fyrir foreldra barna sem byrjuðu á deildinni eftir sumarfrí. Þar er skipulag deildanna kynnt sem og áhersluatriði, skapandi starf, leiðir og verkfæri sem notuð eru í kennslu á deildinni og aðrar hagnýtar upplýsingar.

Foreldraviðtöl: Árlega bjóða deildastjórar foreldrum til sín í foreldraviðtöl. Þar gefst foreldrum tækifæri til að ræða við deildarstjóra um skólagöngu barns síns. Áætlað er að foreldrar barna sem hefja leikskólagöngu um haustið 2023 komi í viðtal fyrir áramót sem og foreldrar barna sem skiptu um deild eftir sumarfrí, er það því u.þ.b. helmingur barna á hverri deild. Eftir áramót er svo áætlað að foreldrar hinna barnanna komi í viðtöl. Hefur þetta fyrirkomulag reynst vel í gegnum árin.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á hverju starfsári eru 6 skipulagsdagar sem dreifast yfir veturinn. Skipulagsdagar starfsársins 2023-2024 eru eftirfarandi:

22. september 2023.

24. nóvember 2023 – sameiginlegur skipulagsdagur í hverfinu

2. janúar 2024

6. febrúar 2024 – Sameiginlegur skipulagsdagur í hverfinu

24. apríl 2024 – Áætluð námsferð starfsmanna

26. apríl 2024 – Áætluð námsferð starfsmanna

Meðfylgjandi er dagatal leikskólans (með fyrirvara um breytingar)



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

29.06.2023

Umsögn vegna starfsáætlunarinnar 2023-2024

Það er margt flott við starfið hjá leikskólanum. Langar okkur að nefna að sérþörfum barna er vel sinnt og öryggi þeirra tryggt. Starfsmenn eru vel vakandi fyrir málþroskavanda barna og fá talmeinafræðinga frá Austurmiðstöð til að meta vandann þegar þess þarf. Hrós um því að íslensk börn fái að bætast í hóp þeirra fjöltyngdra á næsta skólaári í málörvun.

Útivera síðastliðin vetur var mjög lítil og við viljum að hún sé aukin á komandi starfsári. Almenna reglan ætti að vera að fara út fyrir hádegi og eftir hádegi. Eftir samtal við aðra foreldra kom í ljós að flestir voru sammála því að aukin útivera myndi gera krökkunum gott. Á flestum leikskólum er hópur barna sem vill ekki eða getur ekki farið út tvisvar yfir daginn og því hafa margir leikskólar boðið upp á að hafa útiveruna fyrir hádegi sem val barnanna sem okkur þykir flott lausn. Ef það er kalt í veðri eða til dæmis hálka þá er í boði að fá sand frá borginni til að leysa úr þeim vanda. Viljum taka það fram að útikennslan hefur verið fjölbreytt, skemmtileg og til fyrirmyndar. Krakkarnir tala bæði um þá vinnu sem spennandi og skemmtilega.

Mikil ánægja er með tilfinninga- og félagsfærni vinnuna á Rofaborg. Þar er unnið að því að börnin þekki tilfinningar sínar og eflist félagslega. Börnin verða þannig meðvituð um eigin tilfinningar og tilfinningar annarra.

Bætt upplýsingaflæði og Vala

Nefnt er að foreldrakönnun hafi sýnt það þurfi að bæta upplýsingagjöf til foreldra en lítið er um lausnir á því í skýrslunni aðrar en að það sé ætlunin að fjölga heimsóknum foreldra. Okkur dettur þá helst í hug að slá tvær flugur með einu höggi og virkja notkun Völu þar sem það app hefur fullt upp á að bjóða. Til dæmis er hægt að nota Völu til að:

1. Deila upplýsingum um starfið. Leyfa foreldrum að fylgjast betur með hvað er gert. (Bæta upplýsingargjöf til foreldra).
2. Deildarstjórar geta deilt myndum af börnunum þar sem það er búið að taka fyrir notkun hópa á Facebook. Ekki allir með Facebook og bannað að deila myndum af andlitum barnanna. (Leyfa börnunum að sjá framan í þessi krútt).

Þá er spurning hvort að Advania bjóði upp á kennsluefni eða kynningar á forritinu sem kennarar Rofaborgar geta skoðað í sameiningu og rætt hvaða hluta hægt er að innleiða til að auðvelda upplýsingagjöf og gera aðgengi betra.



Tillögur frá Foreldraráði

Nokkrar tillögur komu upp í samtali Foreldraráðs og var ákveðið að lista þær upp. Þær tillögur sem komu upp eru eftirfarandi:

1. Einn dagur í hverjum mánuði þar sem er brotið upp á rútínu krakkanna (skipt á deildir eða hópa) til dæmis brjálaður hárdagur, dagur með andlitsmálningu (til dæmis á Hrekkjavöku), dótadagur, hattadagur, dagur leikskólans, alþjóðlegi drullumalladagurinn, afmæli Blæs, dagur Dýranna í Hálsaskógi, dagur með Disney þema, vatnsbyssudagur og fleira. Skemmtileg leið til að brjóta upp á hversdagsleikann.
2. Bæta við viðburðum eins og foreldrakaffi og ömmu og afakaffi. - þar sem krakkarnir bjóða fólkinu sínu upp á kaffi og kleinur.
3. Til að huga að inngildingu (e. inclusion) kom sú hugmynd að krakkar búi til eigin búning fyrir öskudag (og mögulega Hrekkjavöku). Krakkar komi með hvítan bol þar sem þau skreyta sjálf eftir eigin höfði og þá eru allir eins í leikskólanum þann daginn (þá daga), í eigin hönnun og allir geta sagt frá hvað þeir eru. Þessi hugmynd hefur verið útfærð á öðrum leikskólum t.d. á Geislabaug og á Blásölum.
4. Einn dag í viku mættu foreldrar koma í heimsókn í morgunmat hjá krökkunum.
5. Að barn gæti komið með ávexti á afmælisdegi sínum, útbúið þá með kennara og boðið upp á með vinum og kennurum í samverustund þann daginn.
6. Í viðræðum foreldraráðs kom upp sú spurning hvort að það væri ekki hægt að fjölga skiptum yngri barnanna í lðu? Væri það hægt?

Samantekt

Almenn ánægja er með starf leikskólans. Áætlun fyrir næsta ár er ígrunduð og höfum ekkert út á hana að setja. Það komu þó upp nokkrir punktar sem okkur fannst vanta þar inn og ákváðum að koma með dæmi um hvað gæti bætt starfið enn frekar

- Foreldraráð 2022-2023



10.2 Heimildir og annað efni sem leikskólinn nýtir til fræðslu starfsfólks

Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011.

Berger, K.S. (2020). *The developing person through the life span*. Worth Publishers.

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun*. (Gunnar Ragnarsson, þýð.) Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (Upphaflega útgefin 1938).

Embætti Landlæknis. (e.d). *Svefn og hvíld - ráðleggingar embættis landlæknis*.

https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/pmyi79DI0wFHTLVqcejYK/0311177b004bc511821b3f215da6f128/Svefntafla_loka_EL.pdf

Hukkelberg, S., Keles, S., Ogden, T. og Hammerstrøm, K. (2019). The relation between behavioral problems and social competence: A correlational Meta-analysis. *BMC psychiatry*, 19(1).
<https://doi.org/10.1186/s12888-019-2343-9>

Hrafnhildur Sigurðardóttir, Unnur Arna Jónsdóttir og Ingrid Kuhlman. (2020). *Velliðan barna: Handbók fyrir foreldra*. Bókafélagið.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Heimskringlan: Háskólaforlag Máls og menningar.

F. h. leikskólans Rofaborgar

Guðlaug Kristinsdóttir
Leikskólastjóri

04.07.2023
Dagsetning





Leikskóladagatal 2023 - 2024

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
				Fullveldisdagurinn	Nýársdagur	Rauður dagur	Blár dagur	Annar í Páskum	Verkaýðsdagurinn	Sjómanna dagurinn	
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 L	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
					Skipulagsdagur			Margítur dagur - alþjóðlegur dagur einhverfunnar			
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
									Opðó hús fyrir foreldra		
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
					Jólaakó fyrir foreldra						
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
					brettandinn	Dagur leikskólans/ Skipulagsdagur - sameiginlegur í Árbæ				Skólasit grunnskóla	
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
	Fridagur verslunarmanna					Dagur tónlistarskólans					
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
	Dagur læsis		Baráttudagur gegn einelti			Viðburður v. dags leikskólans 6. febrúar					
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
									Uppstigningardagur		
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
	Útkennsluvika í tilefni dags ísl. náttúru					Dagur íslenska táknaáráttarinnar		Styldmennamorgunmatur			
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
	Útkennsluvika í tilefni dags ísl. náttúru					Bolludagur					
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
	Útkennsluvika í tilefni dags ísl. náttúru	Bleikur dagur		Jólaball		Sprengidagur					
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
	Útkennsluvika í tilefni dags ísl. náttúru					Óskudagur	Dagur stærðfræðinnar			Rofaborgarhátíð	
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
	Dagur íslenskrar tungu og amélsisdagur Lubba					Grænn dagur					
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
							Menntastefnumót			Lýðveldisdagurinn	
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
					Gulur dagur	Konudagur - upphaf Góu					
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
				Jólafríhúsdagur	Þorablót / Bóndadagur - upphaf Þorra	Vetrarfrí í grunnskólum			Hvítasunnudagur		
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
			Dagur mannréttinda barna			Vetrarfrí í grunnskólum			Annar í Hvítasunnu		
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
							Mislitir sokkar - alþjóðlegi Downs dagurinn				
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
	Skólasetning grunnskóla	Skipulagsdagur									
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
					Þorláksmessa						
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
				Skipulagsdagur - sameiginlegur í Árbæ	Aðfangadagur jóla			Pálmasunnudagur	Skipulagsdagur		
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
		Náttföstudagur í tilefni alþ. bangs. 27. okt. og alfmælisdags Lubba		Jóladagur				Sumardagurinn fyrsti			
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
	Evrópski tungumáladagurinn	Vetrarfrí í grunnskólum		Annar í jólum				Skipulagsdagur		Fæðingardagur forseta Íslands (GTHJ)	
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
		Vetrarfrí í grunnskólum									
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
		Fyrsti vetrardagur				Glitrandi dagur - dagur einstakra barna	Skírdagur				
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
							Fæsturdagurinn langi				
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
									Útskrift elstu barna		
31 F		31 Þ		31 S	31 M		31 S		31 F		31 M
				Gamlársdagur			Páskadagur				

Í reglum um leikskólaláttunni segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólaláttunni ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna